



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...



Miðvikudagur 6. ágúst 2008 – 32. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Lækkun olíuverðs
„Olíublaðran“ kann að vera sprungin.



6

Dögun vetnisaldar
Veruleiki eða framtíðarsýn?



8-9

Dýrustu golfvellirnir:
Dýr hringur hjá Gibson.



14

Stefnumörkun er forsendan

Trúverðug langtímastefnumörkun er forsenda þess að náð verði tökum á aðstoðjandi vanda í efnahagslífinu, að mati Árna Páls Arnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Hann segir óvíst með ávinning af því kostnaðarsama ferli að búa krónunni umgjörð sem dugir til langframa og telur einsýnt að hér verði að taka upp evrópskt myntsamstarf, hvort sem það verður með sérsamningum eða eftir forskrift Evrópusambandsins.

Hann segir að þótt sums staðar þar sem stjórnarmgjörð sé veikari þurfi stjórnmalamenn að sækja á ný umboð til að taka á nýjum aðstæðum. Hér sé hefðin önnur og hann treysti ríkisstjórninni til að marka nýja langtímastefnu með hliðsjón af nýjum aðstæðum.



ÁRNI PÁLL ARNASON

- óká / Sjá síðu 13

HELST Í ÚTLÖNDUM

Verðbólguhraun Tólf mánaða verðbólga á evrusvæðinu mælist nú 4,1% og hefur ekki verið hærrí í 16 ár. Helst er hægt að rekja hækkunina til hækkandi eldsneytis- og matvælavæðs. Stýrivextir Seðlabanka Evrópu standa nú í 4,25 prósentum.

Slæmt ástand Atvinnuleysi í Bandaríkjunum hefur ekki verið meira í 4 ár. Það mælist nú 5,7 prósent og hefur hækkað um alls 0,7 prósentustig frá aprílmánuði. Atvinnuleysi hefur ekki aukist jafn mikið á þremur mánuðum síðan 2002.



Í eina sæng Samningaviðræður milli British Airways og American Airlines um aukid samstarf eiga sér nú stað. Með samningnum á að minnka kostnað við t.a.m. miðasölu og aðra stjórnun.

Næg atvinna Atvinnuleysi í Danmörku heldur áfram að minnka og er nú komið niður í 1,6 prósent. Þetta er minnsta atvinnuleysi sem mælist hefur í landinu í 35 ár. Að meðaltali hefur atvinnulausum fækkað um 2.300 í hverjum mánuði á síðustu þremur mánuðum.

Gengisfelling Seðlabanki Simbabeve hefur ákveðið að fella 10 núll aftan af gjaldmiðli landsins. 10 milljarðar verð því 1 dalur. Um 2,2 milljóna prósentu verðbólga er í landinu.

Sparisjóðir í vandræðum vegna gengisfalls Existu

Björn Þór Arnason og Annas Sigmundsson skrifa

„Miðað við stöðu Sparisjóðs Mýrasýslu um áramót í samanburði við aðra sparisjóði má ætla að fleiri sparisjóðir lenti í vandræðum á næstunni,“ segir Sveinn Þórarinnsson, hjá greiningu Glitnis.

Sparisjóður Mýrasýslu (SPM) á hlut í Existu í gegnum eignarhaldsfélagið Kistu sem er í eigu fjögurra sparisjóða (sjá töflu). SPM á um 10,4 prósent hlut í Kistu sem á um 7,17 prósent í Existu. Hluttur Kistu var metinn á um 40 milljarða fyrir ári en er nú metinn á um 6,7 milljarða. Exista hefur lækkað um rúmlega 80 prósent á tímabilinu.

Nýverið bárust fréttir af því að stjórn Sparisjóðs Mýrasýslu (SPM) hyggst auka stofnfé sjóðsins um 2 milljarða króna. Ef það verður samþykkt á fundi stofnfjäreigenda 15. ágúst næstkomandi mun Kaupþing fara með 70 prósent hlut í bankanum, Borgarbyggð 20 prósent og aðrir 10 prósent.

Gísli Kjartansson, sparisjóðsstjóri SPM, segir að ein meginorsökin fyrir erfiðleikum hafi verið að SPM hafi átt stóran hlut í Existu. „Gengisfall á mörkuðum hafði því gríðarleg áhrif,“ segir hann. Gísli Kjartansson, sparisjóðsstjóri SPM, vonast til þess að þetta muni tryggja áframhaldandi rekstur. „Kaupþing hefur gefið það út að rekstur bankans verði óbreyttur í bili,“ segir Gísli.

Sveinn Þórarinnsson telur horfurnar ekki góðar. „Staðan verður mjög erfið fyrir marga sparisjóði í ljósi þess hvað hlutabréfaeign hefur vegið þungt í hagnaði þeirra,“ segir hann og bendir á að jafnvel séu dæmi um að grunnrekstur sparisjóðanna skili ekki arði. „Það er ekki ólíklegt að það séu frekari sameiningar fram undan þar sem minni sparisjóðir bera ekki þetta mikla gengisfall á hlutabréfum.“

EIGNARHLUTUR KISTU

SPRON	48,2%
Sparisjóður Keflavíkur	34,4%
Sparisjóður Mýrasýslu	10,3%
Sparisjóður Svarfdæla	7,1%

Kista á 7,17 prósent hlut í Existu

Eignarhluttur Kistu í Exista	
Markaðsvirði 5. ágúst 2008	6,7 milljarðar
Markaðsvirði 19. júlí 2007	40,887 milljarðar
Mismunur	34,183 milljarðar

Verðmæti hlutar Kistu í Exista 19. júlí 2007

SPRON	19,7 milljarðar króna
Sparisjóður Keflavíkur	14,065 milljarðar kr.
Sparisjóður Mýrasýslu	4,2 milljarða króna.
Sparisjóður Svarfdæla	2,9 milljarðar kr.

Núverandi verðmæti eignarhlutar Kistu í Exista

SPRON	3,23 milljarðar kr.
Sparisjóður Keflavíkur	2,3 milljarðar kr.
Sparisjóður Mýrasýslu	0,69 milljarðar kr.
Sparisjóður Svarfdæla	0,476 milljarðar kr.

*Miðað er við óbreyttan eignarhlut Kistu í Existu á tímabilinu

Geirmundur Kristinnsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Keflavíkur, segir engar samrunaviðræður í gangi þrátt fyrir gengisfall Existu. „Eiginfjárstaða okkar er það góð að við þolum gengisfall á hlutabréfum okkar í Existu,“ segir hann. „Það er ekki samruni í dag og ekki á morgun,“ segir Friðrik Friðriks-son, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla, en það eru vissulega alltaf einhverjar hreyfingar og ekkert óeðlilegt að menn tali saman við núverandi efnahagsaðstæður.

Árvakur og 365 skoða samstarf

„Það liggur ekkert fyrir um að slíkt takist en það eru það erfiðar aðstæður á prentmarkaðnum að ef það ætti einhvern tímann að ganga þá væri það núna,“ segir Ari Edwald, forstjóri 365. Heimildir Markaðarins herma að samningaviðræður eigi sér stað milli 365 og Árvakurs til að ná fram stærðarhagkvæmni í rekstri. Á það einkum við rekstrarliði sem lúta að framleiðslu og dreifingu á dagblöðum.

Viðræður um þessi mál hafa staðið með hléum undanfarin misseri án niðurstöðu. „Það sverfur mjög að þessum rekstri. Það hafa orðið miklar kostnaðarhækkunar, pappír og kostnaðarliðir í dreifingunni eins og laun og eldsneyti hafa hækkað,“ segir Ari og kveður aukinn kostnað meira áberandi í prentmiðlunum en öðrum miðlum og því sé mikill þrýstingur á útgefendur að hagræða í rekstri.

- gh

TrackWell

Tíma- og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærrí ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK, GBP, DKK, USD, EUR

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluabíli sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðsýsingar og útdráttar úr útboðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Alfesca	-1,6%	-2,0%
Atorka	0,7%	-44,4%
Bakkavör	2,8%	-56,1%
Exista	8,0%	-66,6%
Glitnir	2,7%	+30,8%
Eimskipafélagið	-1,4%	-58,5%
Icelandair	1,8%	-38,2%
Kaupþing	-2,8%	-19,7%
Landsbankinn	2,9%	-35,1%
Marel	-1,5%	-18,4%
SPRON	1,3%	-66,6%
Straumur	-0,3%	-38,9%
Teymi	13,2%	-71,0%
Össur	1,5%	-12,5%

*Miðað við lokagengi í Kauphöll á föstudag.

Singer & Friedlander losa eignir

Kaupthing Singer & Friedlander, dótturfélag Kaupþings, hefur selt rekstur sinn á sviði tryggingaiðgjaldafjármögnunar til Close Brothers á lítills háttar yfirverði miðað við bókfært verð. Þetta kemur fram í tilkynningu Kaupþings til Kauphallar Íslands.

Með þessu losar Singer og Friedlander um lausafé sem nemur um hundrad milljónum punda, eða sem nemur 16 milljörðum króna.

Jafnframt hefur félagið nánast hætt rekstri á sviði hrávörviðskiptafjármögnunar og hafa 97 prósent af upphaflegu eignasafni, sem nam tæplega 350 milljónum punda, jafnvirði um 55 milljarða króna, verið greidd upp.



ÁRMANN ÞORVALDSSON, forstjóri Kaupþings Singer og Friedlander. Segir þetta styrkja lausafjárstöðu félagsins enn frekar og er bjartsýnn á stöðu rekstrarins í Bretlandi.

MARKAÐURINN/ARIMAGG

kjölfar þessara ráðstafana. Auk þess hafi Kaupthing Edge gengið mjög vel. „Við erum því áfram bjartsýn á stöðu rekstrarins í Bretlandi,“ segir Ármann. - as

Verðlækkun í ár tíu prósent

Raunverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað um 10 prósent á árinu. Á sama tíma og verðbólga hefur verið 9 prósent hefur nafnverð íbúða lækkað um 1,1 prósent.

Greining Glitnis segir búist við að sú leiðrétting sem er framundan á íbúðamarkaði komi að mestu fram í raunverðlækkun. Í því mati er lítið til reynslu fyrri ára en nafnvirðið hafi næstum staðið í stað á meðan húsnæðisverð lækkaði um fimm prósent að raunvirði árið 2001. Að þessu sinni er búist við harkalegri niðursveiflu. - ghh

Róbert Wessman hættir hjá Actavis

„Ég er búinn að vera forstjóri Actavis í tíu ár og er kominn með hagsmunum í öðrum fjárfestingum í gegnum Salt Investments. Ég er því að hverfa til annarra starfa til að halda utan um mínar eigin fjárfestingar. Þetta var sameiginleg niðurstaða eftir samtal við stjórnarformann félagsins, Björgólf Thor,“ segir Róbert Wessman.

Hann hefur ákveðið að segja upp starfi sínu sem forstjóri Actavis og mun aðstoðarforstjóri félagsins, Sigurður Óli Ólafsson, taka við af honum. Róbert segir að hann muni þó áfram sitja í stjórn Actavis.

Róbert segir að uppsögn sín sé gerð í góðri samvinnu við bæði stjórnarmenn og starfsfólk Actavis. Hann hafi dregið það í töluverðan tíma að sinna Salt Investment sem skyldi.



RÓBERT WESSMAN lætur nú af störfum sem forstjóri Actavis. Hann hefur verið forstjóri félagsins frá árinu 1999.

MARKAÐURINN/VALLI

„Það eru spennandi tíma framundan hjá mér á öðrum vettvangi og má segja að það sé eitthvað sem ég hef horft til í töluverðan tíma,“ segir Róbert.

Róbert var ráðinn forstjóri lyfjafyrirtækisins Delta árið 1999 og varð forstjóri Actavis árið 2002 við samruna Delta og Pharmaco.

- as

Milljarða gjalddagar

Krónubréf að nafnvirði 20 milljarðar króna að viðbættum vöxtum munu falla á gjalddaga í ágúst. Þar af gjaldfellur 10 milljarða útgáfa þýska þróunarbankans KfW og 5 milljarða útgáfa Rabobank, stærsta útgefanda krónubréfa til þessa, næsta föstudag. Til viðbótar gjaldfalla 5 milljarðar þann 11. ágúst þegar útgáfa kanadíska þróunarsjóðsins fellur á gjalddaga. Fleiri stórir gjalddagar eru í nánd en 27,5 milljarðar að viðbættum vöxtum eru á gjalddaga í september, 45 milljarðar í október og 11 milljarðar í nóvember. Alls eru útistandandi krónubréf fyrir um 336 milljarða. Greining Glitnis bendir á að hingað til hafi þeim krónubréfum sem fallið hafa á gjalddaga oftast nær verið mætt með nýrri útgáfu í



KRÓNUBRÉF Alls eru útistandandi krónubréf fyrir 336 milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

grend við gjalddagann. Nú sé aftur á móti ekki útséð með það þar sem væntur ávinningur af útgáfu krónubréfa hefur dregist saman í kjölfar þess að mikill vaxtamunur á gjaldmiðlaskiptamarkaði hefur að mestu þurrkast út. Seðlabankinn hafi að visu komið til móts við þennan vanda með útgáfu á stuttum ríkisbréfum sem ætlað er að bæta aðgengi að háum vöxtum. - ghh

Netinnlán aukast

Bankarnir fjármagna sjö til tuttugu prósent af starfsemi sinni með netinnlánum. Viðskiptavinirnir um 550 þúsund og fjölga hratt. „Vegur þungt í fjármögnun,“ segir bankastjóri.

Björn Þór Arnarson
skrifar

Netinnlánareikningar eru farnir að gegna veigamiklu hlutverki í fjármögnun íslensku bankanna. Drír stærstu bankar landsins hafa opnað slíka reikninga erlendis og fjölga innlánum og viðskiptavinum hratt. Landsbankinn starfrækir Icesave-netreikningana í Bretlandi og Hollandi. Glitnir starfrækir Save and Save í Noregi og á Íslandi og loks Kaupþing Edge sem er starfrækt í tíu löndum í Evrópu.

Mikill vöxtur hefur verið í Icesave-reikningum Landsbankans. Til stendur að opna reikninga í fleiri löndum. Ekki er gefið upp hvar og hvenær af því verður. Sigurjón Þ. Arnarson, bankastjóri Landsbankans, segir að hann sé ánægður með þá aukningu sem hefur orðið á viðskiptavinum bankans á þessu ári. Um 200 þúsund viðskiptavinir hafi bæst í hópinn á þessu ári. Icesave er með um 350 þúsund viðskiptavinum. Sigurjón telur fjölda viðskiptavina sýna styrk Icesave og tryggja ákveðinn stöðugleika. „Það er miklu verðmætara að hafa 350 þúsund viðskiptavinum en 100 þúsund,“ segir hann.

Spurður um vægi Icesave í fjármögnun segir um Sigurjón að Icesave vegi nokkuð þungt í fjármögnun bankans eða um tuttugu prósent af heildarfjármögnun.

Kaupþing Edge hefur einnig vaxið hratt og er farið að gegna vegamiklu hlutverki í fjármögnun Kaupþings. Hreiðar Már Sigurðsson, bankastjóri Kaupþings, segir að Kaupþing Edge sé um sjö til átta prósent af heildarfjármögnun bankans. Hann segir að hlutfall netinnlána hafi vaxið mjög hratt og gerir ráð fyrir því að hlutfall netinnlána af heildarfjármögnun haldi áfram að vaxa. „Við erum að fá um 80 til 100 milljarða króna í ný innlán á mánuði í gegnum Kaupþing Edge,“



NETINNLÁN AUKAST Hreiðar Már Sigurðsson, bankastjóri Kaupþings segir að Kaupþing Edge sé nú búin að opna 140 þúsund reikninga og fjöldinn vaxi mjög hratt. Innlán Kaupþing Edge skili nú um sjö til átta prósent af fjármögnunarbörf bankans.

MARKAÐURINN/GVA

NETINNLÁN	
Banki	Viðskiptavinir
Icesave -Landsbankinn	350.000
Save and save-Glitnir	60.000
Kaupþing Edge	140.000*
Samtals:	550.000
*Auk þess hafa 80.000 sótt um sem eru í ferli.	
Banki	Andvirði innlána
Kaupþing Edge	3,8 milljarðar evra
Icesave -Landsbankinn	Ekki gefið upp
Save and save-Glitnir	Ekki gefið upp

segir Hreiðar. „Markmið okkar er að fara inn á fleiri nýja markaði seinni hluta þessa árs,“ segir Hreiðar.

„Við erum að prófa vöruna á okkar heimamarkaði, hér á Íslandi og í Noregi, og við gerum ráð fyrir því að fara inn á nýja markaði seinnipart þessa árs eða í byrjun þess næsta,“ segir Lárus Welding, bankastjóri Glitnis. Alls eru um 60 þúsund viðskiptavinir nú þegar í Save and Save. „Það hafa bæst við 11 þúsund viðskiptavinir á þessu ári,“ segir Lárus.



Markaðurinn í lok dags

Sindri Sindrason fer yfir viðskipti dagsins alla virka daga kl 16:45 á visir.is.

Fylgstu með Markaðinum í lok dags á visir.is og á Stöð 2 kl. 12.12 og 18.18.

visir.is
...ég sá það á visir.is



Fjárhagsstaða fyrirtækja hefur versnað!

Láttu það ekki hafa áhrif á þinn rekstur

Creditinfo Ísland er leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga. Aðgengilegar upplýsingar auðvelda mat á áhættu viðskipta við bæði fyrirtæki og einstaklinga.

NÁNARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Á WWW.CREDITINFO.IS OG HJÁ FYRIRTÆKJARÁDGJÖFUM CREDITINFO ÍSLAND Í SÍMA 550-9600.

CREDITINFO ÍSLAND
UPPLÝST ÁKVÖRÐUN SKILVIRKARI STJÓRNUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 550 9600, www.creditinfo.is

Léleg afkoma Elisa

Hlutabréf í finnska fjarskipta-fyrirtækinu Elisa féllu um 14 prósent í kauphöllinni í Helsinki í kjölfar fréttu af slæmri afkomu á öðrum ársfjórðungi. Gengið hefur ekki verið lægra í þrjú ár.

Tekjur drógust saman um sex prósent milli ára, þar af um 15 prósent af far-símarekstri.

Elisa, sem er annað stærsta símafyrirtæki Finnlands er að hluta í eigu Íslendinga, en fjárfestingafélagið Novator er stærsti hluthafinn í félaginu, með 10,4 prósent hlutfjár.



Á mánudag greindi finnska viðskiptablaðið Kauppalehti frá því að fjarskipta-fyrirtækið DNA, einn helsti samkeppnisaðili Elisa, hefði aukið hlut sinn í félaginu og væri nú orðið annar stærsti hluthafinn, með 4,9 prósent.

Forstjóri DNA, Jan-Erik Frostdahl segir um „strategíska“ fjárfestingu að ræða, en hefur ekki átt í viðræðum við Novator um framtíð Elisa. Orri Hauksson, fulltrúi Novator í stjórn Elisa vildi ekkert tjá sig málið. - msh

Greiðslur aukast um þriðjung

Aukin gjaldþrot raska áætlunum Ábyrgðarsjóðs launa. Á fyrri helmingi ársins hafa verið greiddar út 283 milljónir króna.

Áætlunir um að rétta af rekstur Ábyrgðarsjóðs launa hafa raskast vegna þrenginga í efnahagslífinu. „Þetta er ríkistryggður sjóður. Það er lögbundið að launþegar eiga rétt á greiðslu launa við gjaldþrot fyrirtækja,“ segir Unnur Sværisdóttir, forstöðumaður stjórnsýslu-sviðs Vinnuálagstofnunar.

Eins og greint hefur verið frá hefur sá hluti Mest, sem nýver-ið hlaut nafnið Tæki, tól og bygg-ingavörur ehf., óskað eftir því að félagið verði tekið til gjaldþrota-

skipta. Tilkynti félagið jafnframt að það myndi ekki greiða starfs-mönnum ógreidd laun fyrir júlí-mánuð. Talið er líklegt að Ábyrgð-arsjóður launa greiði á endanum.

Unnur segir að á fyrstu sex mánuðunum í fyrra hafi Ábyrgð-arsjóður launa greitt út 283 mill-jónir króna. Á þessu ári hafi hann hins vegar greitt 372 milljónir króna. Aukningin nemur 90 mill-jónir króna.

„Gjaldþrot eru hins vegar alls ekki farin að skila sér. Þau koma

með haustinu,“ segir Unnur.

Sjóðurinn hefur verið rekinn með tapi árið 2005 en hefur rétt úr kútnum síðan. Samkvæmt áætlun frá árinu 2006 var gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins myndi hætta að skila tapi árið 2010. „Nú erum við að vonast til þess að það gerist árið 2012,“ segir Unnur.

Hún segist hafa fundið fyrir aukningu á beiðnum til sjóðsins í apríl. „Þegar stóru verktakarn-ir fóru að rúlla tókum við að sjá breytingu,“ segir hún. - as

Northern Rock tapar

Breski bankinn Northern Rock tapaði 92 milljörðum íslenskra króna á fyrri helmingi ársins. Tapið er nokkuð stærra en gert hafði verið ráð fyrir og stafaði það m.a. af auknum vanskilum og meiri afskriftum á útlánum. Um 2.000 starfsmönnum hefur verið sagt upp störfum.

Í september á síðasta ári þurfti bankinn að biðla til Englandsbanka um lán til að komast yfir erfiðasta hjallann. Nú er bankinn byrjaður að borga lánið til baka en eftirstöðvarnar eru 2.707 mill-jarðar íslenskra króna. Bankinn var þjóðnýttur í febrúar eftir mis-



NORTHERN ROCK Tapið fyrri helming ársins var mun meira en gert hafði verið ráð fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

heppnaða sölutilraun en stjórn-völd hyggjast nú leggja rúmlega 460 milljarða til hlutfjárauk-ingar. - ghh

Undirmálslánakreppan aðeins toppurinn á ísjakanum

Mikill samdráttur í nýbyggingu og fjöldi viðskipta á markaði ekki minni í tíu ár. Lækkandi fasteignaverð og slæmt efnahagsástand vekur ótta um að „örugg“ lán tapist í stórum stíl.

Magnús Sveinn Helgason skrifar

Samkvæmt skýrslu samtakanna Hope Now, sem aðstoða bandaríska húsnæðiseigendur sem eiga í vandræðum með afborganir, lenda Bandaríkjamenn með góð veð og „hefðbundin“ húsnæðislán í vaxandi mæli í vandræðum með afborganir. Á öðrum ársfjórðungi aðstoðuðu samtökin 34.000 fleiri með „hefðbundin“ húsnæðislán en „undirmálslán“, en alls aðstoðuðu samtökin nærri 1.800.000 manns á öðrum ársfjórðungi.

Þá sýna tölur samtakanna að skjólstæðingar, sem höfðu hefðbundin húsnæðislán, mistókst hlutfallslega oft en þeim sem höfðu undirmálslán að ná tókum á afborgunum, þrátt fyrir skuldbreytingu, og misstu þar með heimili sín.

Hingað til hefur verið talið að húsnæðisvandræðin vestanhafs væru fyrst og fremst bundin við svokölluð undirmálslán, en nú telja sérfræðingar hins vegar að merki séu um að hefðbundin lán sem talin voru örugg kunni einnig að tapast í stórum stíl. Þetta er mikið áhyggjuefni því greiningardeildir telja að botninum hafi verið náð í undirmálslánum. Skuldavafningar og verðbréfuð undirmálslán eru nú talin nánast verðlaus, en fjármálastofnanir hafa þurft að afskrifa þessi bréf um allt að 80 prósent. Vonir voru því bundnar við að farið væri að sjá fyrir endann á útlánatöpum fjármálastofnana. Þær vonir munu þó ekki rætast ef afskrifa þarf hefðbundin húsnæðislán í stórum stíl.

Vaxandi áhyggjur eru nú í Bandaríkjunum um að húsnæðiseigendur sem horfa á fallandi húsnæðisverð og þunga greiðslubyrði lána sem tekin voru þegar húsnæðisverð var í hámarki kjósi í stórum stíl að ganga frá eignum sínu frekar en að borga af lánum. Þetta þýðir bæði að bankar og fjármálastofnanir sitja uppi með tap á lánum, því veðin hafa fallið í verði, og að offramboð myndast af eignum á markaði.

Í síðustu viku greindu samtök bandarískra fasteignalánveitenda frá því að þrátt fyrir að vextir á húsnæðislánum í Bandaríkjunum hafi lækkað að



OFFRAMBOÐ Á FASTEIGNUM Ekki hefur selst minna af fasteignum í Bandaríkjunum síðan 1998

MARKAÐURINN/AP

undanförnu hafa ekki færri sótt um fasteignalán síðan í desember 2000. Talið er að kaupendur haldi að sér höndum í von um að fasteignaverð eigi enn eftir að lækka. Greiningardeild Lehman Brothers sagði fyrir helgi að markaðurinn væri að ganga í gegn um „sársaukafulla leiðréttingu“.

D.R. Horton, sem er stærsta verktakafyrirtæki Bandaríkjanna sem sérhæfir sig í byggingu íbúðarhúsnæðis tilkynti á þriðjudag að sala á nýjum íbúðum hefði dregist saman um 36 prósent. Tap félagsins var þriðjungi meira en greiningardeildir höfðu gert ráð fyrir, en taprekstur hefur verið á félaginu síðustu fimm ársfjórðunga.

Eftirspurn efnahagslegra húsnæðis er mjög lítil í Bandaríkjunum, en þann 24. síðasta mánaðar tilkyntu samtök bandarískra fasteignasala að fjöldi viðskipta hefði ekki verið minni í tíu ár. Á sama tíma hefur flætt inn á markaðinn húsnæði sem bankar og lána-stofnanir hafa leyst til sín, bæði vegna þess að fólk hafi ekki efni á afborgunum eða hafi hreinlega gengið frá skuldum sínum og eignum. Áætlað er að einn af hverjum 171 fasteignaeiganda sé á leið í nauðungaruppboð, og 6,35 prósent allra húsnæðis-lána séu í vanskilum. - msh

Stjórnarmenn Roskilde segja af sér

„Mér finnst réttast að yfirgefa stjórn bankans núna svo hægt sé að skapa ró í kringum söluferli bankans,“ segir Peter Müller, fráfarandi stjórnarformaður Roskilde Bank, í samtali við Börsen. Stjórnarformaðurinn og einn stjórnarmeðlimur, Peter Holm, tilkyntu stjórn bankans og hluthöfum að þeir vildu segja stjórnarsætum sínum lausum. Stjórn bankans fundaði með hluthöfum í gær og í kjölfarið tilkyntu Müller og Holm afsögn sína. Hluthafar höfðu gert kröfu um að breyt-

ingar yrðu gerðar á stjórn bankans.

Talsmaður hluthafa, Ole Peter Nielsen, var ánægður með hluthafafundinn í gær. „Það mikilvægasta fyrir okkur er að stjórnarformaðurinn lætur af störfum þar sem vandræði bankans hvíla þungt á herðum hans.“ Hluthafar munu leggja fram tillögu um nýja stjórnarmeðlimi og formann við hluthafafund sem haldinn verður í lok september. Ekki er búið að ákveða hvort stjórnarmenn verði fimm í stað fjögurra. - ghh

Kaupþingi stefnt

Jan Petter Sissener, sem áður stýrði starfsemi Kaupþings í Noregi, hefur stefnt Kaupþingi fyrir samningsrof vegna bónus- og starfslokagreiðslna fyrir þetta og síðasta ár. Dagens Næringsliv hefur reiknað út kröfur Sissen-

ers og segir þær nema 390 milljónum íslenskra króna. Að sögn blaðsins hafa Sissener og forsvarsmenn Kaupþings átt í viðræðum að undanförunu án þess að niðurstaða hafi fengist og því mun málið fara fyrir dóm. - ghh



„Auðvelt að brúa bilið“

„Það er frábær þjónusta hjá Lýsingu að bjóða sveigjanleika í afborgunum. Það kemur sér mjög vel á meðan ég er í fæðingarorlofi að geta greitt minna en venjulega. Þegar maður er með eigin rekstur er ómetanlegt að fá þjónustu sem er sniðin að þörfum hvers og eins.“

Tinna Kristín Snæland,
tannlæknir

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Latibær
Hefst 16. ágúst

2
skemmtilegri

ÞAÐ ER
ODYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

Ríkið
Hefst 22. ágúst

Big Bang Theory
Hefst 19. ágúst

Two and a Half Men
Hefst 5. ágúst

The Tudors
Sunnudaga

Chuck
Hefst 2. september

FRÁBÆR DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 Í ÁGÚST

„Olíublaðran“ kann að vera sprungin

Síðustu ár hefur því oft verið velt upp að spákaupmenn væru á bak við örar olíuverðshækkanir. Hratt verðfall síðustu vikna hefur einungis styrkt þessa grunsemd. Nú spyrja menn sig hvort „blaðra“ hafi myndast á olíumörkuðum og hvort hún sé loks sprungin. Magnús Sveinn Helgason fjallar um verð á olíumörkuðum og hvort rétt sé að kenna spákaupmönnum um þróunina.

Vorið 1999 sló The Economist því upp á forsiðu að heimurinn væri að „drukkna í olíu“ og spáði því að olíuverð, sem þá var um fimmtán dollara tunnan, myndi falla í fimm dollara á tunnu. Í stað þess að falla tók olíuverð hins vegar að stíga, jafnt og þétt. Ekkert lát virtist á verðhækkunum og í maí spáði greiningardeild Goldman Sachs því að olíuverð gæti náð 200 dollurum fyrir árslok.

Allt síðan haustið 2004 hafa margir þóst sjá skýr merki um að spákaupmenn væru á bak við verðhækkanir. Þessar raddir urðu háværar í vor en þá staðhæfðu greiningardeildir Barclays Capital og Lehman Brothers og sömu leiðis auðmaðurinn George Soros að blaðra væri á olíumarkaðnum. Konungur Sádi-Arabíu tók í sama streng og bæði John McCain og Barack Obama hafa fordæmt spákaupmennsku á olíumörkuðum.

Athyglin hefur fyrst og fremst beinst að ýmsum fjárfestingarsjóðum, og þó sérstaklega vognarsjóðum, en áætlað hefur verið að síðustu fimm ár hafi fjárfesting þeirra í framvirkum samningum með olíu og aðrar hrávörur aukist úr 13 milljörðum dollara í 260 milljarða. Nú er talið að 71 prósent allra framvirkra olíusamninga séu í eigu slíkra „spákaupmanna“, samanborið við 37 prósent árið 2000.

SPÁKAUPEMENNKA EÐA HINN FRJÁLSI MARKAÐUR?

Þótt fáir efist um að spákaupmenn hafi áhrif á skammtíma-sveiflur á olíumörkuðum er leitun að hagfræðingum sem telja að kenna megi spákaupmönnum um hversu hátt olíuverð er í dag. Hér hafa því orðið ákveðin hlutverkaskipti síðan á tíunda áratugnum, þegar margir hagfræðingar staðhæfðu að blaðra væri á hluta-

bréfamörkuðum meðan greiningardeildir verðbréfafyrirtækja kepptust við að staðhæfa að hátt verð á netfyrirtækjum réðist af traustum markaðsaðstæðum.

Fyrir tveimur vikum skilaði nefnd á vegum Bandaríkjastjórnar skýrslu um viðskipti spákaupmanna með framvirkra olíusamninga. Niðurstaða nefndarinnar, sem er skipuð hagfræðingum og fulltrúum Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins, ýmissa ráðuneyta og eftirlitsstofnana, var að spákaupmenn væru ekki á bak við verðhækkanirnar, en í skýrslunni er því meðal annars haldið fram að undanfarin misseri virðist flestir spákaupmenn hafa verið að veðja á verðfall frekar en hækkunir.

En ef spákaupmenn eru ekki á bak við olíuverðshækkunir hlýtur eitthvað annað að stýra verðþróun á olíu. Þetta „eitthvað“ er líklega framboð og eftirspurn.

Þótt enginn telji að olíulindir heimsins séu í þann mund að klárast eru allir sammála um að það verði erfiðara að nýta þær, og að framleiðsla muni vaxa hægar næstu áratugi en verið hefur síðustu tuttugu ár.

Undanfarin ár hefur eftirspurn eftir olíu aukist hraðar en gert hafði verið ráð fyrir. Frá 2003 til 2007 jókst eftirspurn um 2,1 prósent á ári, samanborið við 1,1 prósent frá 1998 til 2002. Mest af eftirspurnaraukningunni hefur komið frá nýiðnvæddum ríkjum og bera Kínverjar ábyrgð á 40 prósentum af aukinni eftirspurn.

Þessi skýring er þó ekki nema hálf sagan, því meðan eftirspurn hefur tekið kipp hefur framboð vaxið mun hægar.

Lengst af hefur í raun verið offramboð á hráolíu. Árið 1985, þegar olíunotkun heimsins var 60 milljón tonn á dag, var fram-



VIÐSKIPTI Í VÖRUKAUPHÖLL NEW YORK, NYMEX Margir telja að aukin umsvif stofnanafjárfræðinga og vognarsjóða á hrávörumörkuðum skýri verðhækkunir undanfarinna missera. Sérstaklega hefur athyglin beinst að meintri spákaupmennsku með framvirkra olíusamninga. Á Bandaríkjaþingi hafa verið lögð fram nokkur lagafrumvörp sem hafa að markmiði að hema, eða jafnvel banna alla spákaupmennsku með olíu.

leiðslugetan 70 milljón tonn. Af þessu leiddi mjög lágt olíuverð sem aftur varð til þess að olíufyrirtæki sáu sér hvorki hag í að fjárfesta í nýjum olíulindum né olíuhreinsunarstöðvum.

Þessi umframframleiðslugeta er hins vegar með öllu horfin. Í dag er eftirspurn eftir olíu um 85 milljón tonn á dag meðan framleiðslugetan er ekki nema 86-87 milljón tonn. Þessi umframframleiðslugeta er nánast öll í Sádi-Arabíu og er í formi „þungrar“ olíu sem fær olíuhreinsistöðvar geta unnið. Fyrir vikið geta minnstu truflanir á olíuframleiðslu, svo sem skæru-liðaárásir í Nígíeríu, haft alvarleg áhrif á framboð olíu á heimsmarkaði og þannig hleypt upp verði.

ÓGEGNSÆR MARKAÐUR

Við þetta bætist að tölur um eftirspurn eru mjög glöppóttar og því mjög erfitt fyrir markaðsaðila að spá fyrir um verðþróun. Kínverjar gefa til dæmis ekki upp neinar tölur um olíunotkun sína eða olíubirgðir. Getgátur eru uppi um að kínverska ríkið hafi að undanförunni verið að koma sér upp neyðarbirgðum (strategic oil reserve) á borð við þær sem Bandaríkin ráða yfir. Það kynni að skýra eitthvað af aukinni eftirspurn síðustu missera.

Alíka erfitt er að afla upplýsinga um birgðir og framleiðslugetu mikilvægra olíuframleiðenda, Sádi-Arabíu, Írans og Rússlands. Erfitt er því að segja til um hversu miklar olíubirgðir þeirra eru og hvort, og þá hversu mikið, þau geti aukið framleiðslu á komandi árum. Sú skoðun virðist þó útbreidd meðal þeirra sem fylgjast með þróun olíumarkaða að Sádi-Arabía og önnur OPEC-ríki, sem hingað til hafa getað stýrt olíuverði geti ekki lengur aukið framleiðslu sína að vild. Hámarksframleiðslugetu hafi þegar verið náð.

RÓT VANDANS AÐ LEITA Í NIÐURGREIÐSLUM?

Á frjálsum mörkuðum ræðst verðlag af framboði og eftirspurn. Ef vara er af skornum skammti hækkar verðið sem dregur úr eftirspurn. Olía hefur hins vegar mjög litla „verðteygni“: Eftirspurn, til skamms tíma í það minnsta, bregst mjög lítið við

verðbreytingum. Almennitur þarf að keyra í vinnuna eða komast leiðar sinnar og það kostar sitt að skipta út eyðslufrekum bílum sem keyptir voru meðan eldsneytisverð var lágt.

Þótt augljós merki sjáist um að neytendur á Vesturlöndum séu að breyta neysluháttum sínum og skipta yfir í sparneytnari bíla getur það tekið langan tíma áður en nægilega dregur úr olíunotkun til að það komi fram í lægra eldsneytisverði.

Hagfræðingar hafa jafnframt bent á að meðan Vesturlandabúar hafa dregið úr olíunotkun, hafi eftirspurnin rokið upp í löndum á borð við Kína, Indland, Indónesíu og Mið-Austurlönd. Þessi lönd eiga það sameiginlegt að vera að iðnvæðast og það má búast við því að til langs tíma eigi olíuneysla þeirra enn eftir að aukast.

Þessi lönd eiga þó öll annað sameiginlegt: Þau niðurgreiða olíuverð til neytenda. British Petroleum hefur áætlað að 96 prósent eftirspurnaraukningarinnar á síðasta ári hafi komið frá löndum sem niðurgreiða olíuverð. Þessar niðurgreiðslur nema gríðarháum upphæðum. Á Indlandi, þar sem dísilítrinn kostar 76 krónur, ver ríkið um 2.000 milljörðum króna í niðurgreiðslu. Í Kína, þar sem bensínítrinn kostar 71 krónu eyddi ríkið 3.200 milljörðum króna á síðasta ári í bensíníðurgreiðslu. Niðurgreiðslur eru enn rausnarlegri í Mið-Austurlöndum, enda hefur olíunotkun hvergi aukist hlutfallslega hraðar. Þannig kostar olíulítrinn í Íran innan við sjö krónur og í Sádi-Arabíu tíu krónur.

Meðan ríkið heldur olíuverði stöðugu og lágu hefur hækkandi heimsmarkaðsverð þvi engin áhrif á olíunotkun almennings í þessum löndum.

ER BLAÐRAN SPRUNGIN?

Ein af skilgreiningum „blöðru“ er að verð einhverrar vöru eða eignaflokks hækkar langt umfram það sem eðlilegt getur talist í ljósi markaðsaðstæðna. Yfirleitt er þó erfitt að segja til um fyrr en eftir á hvað má teljast „eðlilegt“ og hvað ekki. Til þess þarf fyrst og fremst áreiðanlegar upplýsingar um framboð og eftirspurn, en slíkar upplýs-


ingar liggja ekki á lausu. Það er líka mjög eðlilegt að „spákaupmenn“ hafi búist við því að olíuverð myndi hækka, því til langs tíma litið er ljóst að olíubirgðir heimsins munu klárast, meðan eftirspurnin sýnir lítill merki um að dragast saman.

Hátt olíuverð endurspeglar því ekki einungis markaðsaðstæður í dag, heldur væntingar um framleiðslugetu og eftirspurn í framtíðinni. Hátt olíuverð í vor var til marks um að markaðurinn taldi að eftirspurn eftir olíu myndi áfram vaxa hraðar en framleiðslugetan og því fyrirséð að olíuverð myndi halda áfram að hækka. Í þessum skilningi má því segja að „blaðra“ hafi myndast á olíumörkuðum, því allar blöðrur eiga það sameiginlegt að þær myndast þegar markaðurinn sannfærir um að eftirspurn eftir einhverri vöru eða eign muni vaxa hraðar en framboðið um ókomna framtíð.

OLÍUVERÐ AFTUR UNDIR 100 DOLLARA TUNNAN?

Verðlækkanir síðustu vikna benda þó til þess að olíumarkaðir hafi rankað við sér og áttá sig á því að það getur ekkert vaxið endalaust. Hverki húsnæðisverð né eftirspurn eftir olíu. Hinn 11. júlí náði olíuverð sögulegu hámarki, 147,50 dollurum tunnan, en hefur nú fallið niður fyrir 120 dollara, og öll merki benda til þess að markaðir vænti þess að olíuverð eigi eftir að lækka enn frekar. Olíubirgðir hafa til að mynda aldrei verið minni í Bandaríkjunum.

En þó hægt hafi á eftirspurnaraukningu, meðal annars vegna kreppeástands í Bandaríkjunum, er ástæðulaust að vænta þess að heimurinn eigi eftir að „drukkna í olíu“, eða að olíuverð fari einhvern tímann á næstunni niður fyrir 20 dollara líkt og á tíunda áratug síðustu aldar þegar GM markaðssetti Hummerinn. Bjart-sýnustu spár gera nú ráð fyrir að olíuverð verði 75 til 90 dollara tunnan í lok árs. Flestar greiningardeildir virðast þó gera ráð fyrir að olíuverð verði í kringum 100 til 110 dollara í árslok. Hvernig verði þó þróast eftir það mun ráðast af þróun eftirspurnar og því hvort almennitur breyti neyslunum sínum til frambúðar.



HINSEGIN DAGAR

Í REYKJAVÍK 6.-10. ÁGÚST 2008

GLEÐIGANGAN
LAUGARDAGINN
9. ÁGÚST



SKEMMTILEGASTA SKEMMTUN Á ÍSLANDI

MÍÐVIKUDAGUR 6. ÁGÚST

Svyatoslav (Slava) Sementsov – fyrirlestur um ástand hinsegin mála í Hvíta Rússlandi – Samtökin '78 kl. 20:30

Klúbbur Hinsegin daga á Q-Bar opinn alla dagana

ÞJÓNUSTUMÍÐSTÖÐ HINSEGIN DAGA Á LAUGAVEGI 33

OPIN FRÁ 13 – 18 SÍMI 841 0110

FIMMTUDAGUR 7. ÁGÚST

Opnun ljósmyndasýningarinnar **Munu æsir mig argan kalla**

– Borgarbókasafn Reykjavíkur – kl. 17:00

OPNUNARHÁTÍÐ Í HÁSKÓLABÍÓI KL. 20:00 (húsið opnar kl 19:00)

FÖSTUDAGUR 8. ÁGÚST

Tónleikar á Organ með **Carole Pope** kl. 21:00

Kynjaböll á Organ og Tunglinu á miðnætti

LAUGARDAGUR 9. ÁGÚST

GLEÐIGANGAN hefst á Hlemmi kl. 14:00

Skemmtun við Arnarhól kl. 15:30

Tónleikar með **Stereo Total** og **Swivel** á Organ kl. 21:00

HINSEGIN DANSLEIKIR Á NASA, ORGAN OG TUNGLINU

SUNNUDAGUR 10. ÁGÚST

T-dansleikur á Q-bar frá hádegi til miðnættis

Regnbogamessa í Dómkirkjunni kl. 20:30

Kynnið ykkur dagskrána nánar á

www.gaypride.is

Dögun vetnisaldar

– veruleiki eða framtíðarsýn

Þorsteinn Ingi Sigfússon prófessor gaf nýlega út bókina *Dögun vetnisaldar – róteindin tamin*. Þar veltir hann upp þeirri spurningu hvort hægt sé að temja róteindina í vetni á svipaðan hátt og gert hefur verið með rafeindina. Björn Þór Arnarson ræddi við Þorstein um vetni, nýju bókina og framtíðarmöguleika vetnis sem orkugjafa. Þorsteinn hlaut á síðasta ári Alheimsorkuverðlaunin fyrir rannsóknir sínar á vetni. Verðlaunin eru talin ígildi Nóbelsverðlauna á sviði orkurannsókna.

Jarðeldsneyti er takmarkað og ljóst er að síhækkandi eldsneytisverð er að sliga atvinnuvegi landsins og að hagkvæmara er orðið að leita annarra leiða til að knýja ökutæki í framtíðinni. Í bók sinni, *Dögun vetnisaldar – róteindin tamin* fjallar Þorsteinn Ingi Sigfússon um vetni sem orkugjafa. Bókin er gefin út samtímis á íslensku og ensku.

Þorsteinn er prófessor í eðlisfræði við Háskóla Íslands og hlaut á síðasta ári Alheimsorkuverðlaun fyrir rannsóknir á framþróun hugmynda og tækni fyrir vetnisnotkun.

„Þegar ég hugleiddi aðferðafræði bókarinnar hugsaði ég að nóg væri komið af bókum um hrein verkfræðileg efni og taldi miklu fremur að nauðsynlegt að skrifa bók sem hinn fróðleiksfúsi, almenni lesandi gæti lesið og tileinkað sér,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að ein af meginkenningum bókarinnar sé að mannkynið hafi nýtt sér rafeindina til tækniframfara og að vonandi verði hægt að nýta róteindina úr vetni til svipaðra tækniframfara. Þorsteinn bendir á að rafeindin er notuð í allt frá rafmóturum til tölva og heilu kerfisráða kjarnorkuverunum. „Hugmyndin er að reyna að beisla róteindina, sem er kjarninn í vetninu, með svipuðu móti,“ segir hann.

Þorsteinn bendir á að tæknin sé ákveðnum erfiðleikum háð, mun erfiðara sé að temja róteindina heldur en rafeindina og róteindatækni því miklu flóknari en rafeindatækni. „Það er erfitt að slíta hana úr sambandi eins og til dæmis í vetnissameindinni. Það er erfitt að geyma vetni, þetta léttasta allra frumefna er svo frekt á allt rúmmál geymslunnar,“ segir hann.

Ég spái því engan veginn að dagar olíunnar séu taldir. Miklu fremur hygg ég að menn muni fara um langan veg til að kreista olíuna upp á yfirborðið og viðskipti með olíu munu halda áfram að verða mjög ábatasöm. En, eins og Shell hefur sagt, þá tel ég að dagar hinnar ódýru olíu séu taldir.

VISSIR ÞÚ AD...

- ... bílaleigan Hertz hefur þrettán vetnisbíla á sínum snærum sem leigðir eru út.
- ... á Íslandi var opnuð fyrsta vetniseldsneytisstöðin í heimi árið 2003.
- ... hvalaskoðunarbatúrin Elding er knúinn áfram að hluta með vetni.
- ... vetnið er framleitt með rafgreiningu úr fersku vatni frá veitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur.
- ... vetni er léttasta frumefnið og ákaflega eldfímt.
- ... nýverið ákvað Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðgjafi að vinna að því að stofna fjölkustöðvar víða um land.
- ... efnarafalar breyta vetni og vetnissamböndum í rafmagn.
- ... vetnið er svo orkumikið að úr hverju kíló af vetni fæst þrefalt meiri orka en úr sambærilegu magni af jarðefnaeldsneyti.



ÓDÝR OLÍA LIÐIN TÍÐ

Úr hverju kíló af vetni fæst þrefalt meiri orka en úr sambærilegu jarðefnaeldsneyti. Þorsteinn segir það geta skapað ákveðin vandamál og mikilvægt sé að huga vel að öryggismálum.

„Ég tók þann pól í hæðina að ræða um vetni sem mjög líklega stoð við næstu orkubyltingu á jörðinni. Hins vegar var ég ekki tilbúinn til að sjá jarðefnaeldsneytið hverfa; sá vetnið miklu fremur smám saman ógna jarðefnaeldsneytinu einkum þar sem unnt væri að notast við endurnýjanlega orku við að vinna vetnið,“ segir Þorsteinn.

Spurður um hvort dagar olíu séu

taldir segir þorsteinn svo ekki vera. „Ég spái því engan veginn að dagar olíunnar séu taldir. Miklu fremur hygg ég að menn muni fara um langan veg til að kreista olíuna upp á yfirborðið og viðskipti með olíu munu halda áfram að verða mjög ábatasöm. En, eins og Shell hefur sagt, þá tel ég að dagar hinnar ódýru olíu séu taldir,“ segir hann.

AÐDRAGANDI BÓKARINNAR

Þorsteinn hefur flutt marga fyrirlestra um endurnýjanlega orku og vetni sem orkubera. Þegar þetta viðtal er tekið er Þorsteinn á leið í fyrirlestraferð til Skotlands og nýkominn frá Ástralíu þar sem hann

hélt fyrirlestra um vetni. „Eftir að orkumálaráðgjafi 16 ríkja stofnuðu IPHE-vetnissamtökin í Washington 2003 ágerðist enn meira þessi þáttur í mínu lífi – að fara um heiminn og halda fyrirlestra,“ segir hann. „Auk þess,“ bætir hann við, „skoruðu margir á mig að taka vetnisboðskapinn saman í bók og leyfa heiminum njóta.“

„Fyrir um fjórum árum fór ég að safna saman efni í bók sem í upphafi var hugsuð á ensku. Ég einsetti mér að skrifa bók þar sem lesandinn væri með mér í ferð um jörðina. Reyndar hefst bókina á bréfi frá framtíðinni sem er eins konar aðferð til að tengja vísindaskáldsagna-

Snjórinn og olían horfin

Í bók sinni Dögun vetnisaldar róteindin tamin setur Þorsteinn fram bréf þar sem vetnisþjóðfélagi á framtíðinni er lýst á lifandi hátt. Bréfið sem er dagsett árið 2048 og á að vera skrifað af börnum höfundar í sumarleyfi á Casablanca. Þorsteinn segir bréfið eins konar aðferð til að tengja vísindaskáldsagnakennda frásögn við mörg þeirra atriða sem koma fyrir seinna í textanum.

Hluti af bréfinu birtist hér að neðan:

Sendibréf frá Casablanca
Casablanca, 4. júní 2048

Kæri pabbi!

Við vildum óska þess að þú værir hér með okkur. Ferðalagið frá Íslandi gekk vel og flugið með vetnisþotunni til nýja alþjóðaflugvallarins í Sahara tók aðeins tvær klukkustundir. Við nutum góðs útsýnis á leiðinni; það var nánast heiðskírt yfir Norðursjónum; bjart yfir Ölpunum; skýjað yfir endilöngum Íberuskaganum og aðeins einstaka smábólstrar yfir Gibraltarsundi.

Vestur af Noregi gátum við greinilega séð Heimdall II., olíuvinnslusvæðið þar sem miklu magni koldíoxíds, CO₂, er dælt niður í olíulindirnar til að binda gróðurhúsalofttegundir, samhliða því sem meira fæst úr lindunum með því að auka þrýstinginn á dýrmætum vökvann.

Olíuborpallarnir í Norðursjó hættu vinnslu fyrir nokkrum áratugum en blómstra nú í sínu nýja hlutverki; þeir beisla vindaflíð með vindhverflum sem aftur nota rafmagn og rafgreiningu til að vinna vetni sem er leitt eftir leiðslum til ýmissa dreifingarstaða á Englandi. Sumir þeirra dæla enn upp jarðgasi, eða því sem eftir er í jarðlögunum, og umbreyta því á staðnum í vetni. Við sáum stórkostlega vindhverfla út um glugga þotunnar. Okkur var sagt að sérhver olíuborpallur framleiði ígildi eins gígawatts af afl í formi orkuberans vetnis. Þetta jafngildir því að hafa kjarnorkuver í höfunum – munurinn er aðeins sá, að um fullkomlega endurnýjanlega orku er að ræða. Það var hins vegar ekki mikið að sjá á landi og að öllum líkindum er hluti vetnisins leiddur eftir röllum gamla gasdreifikerfisins.

Þegar við flugum yfir Lundúnir sáum við árósa Temp-sárinna sem að loknu miklu hopi heimskaútáissins og Grænlandsjökuls þekja nú talsvert land, einkum til norðurs og suðurs. Á bökkum árinna, þar sem háir múrsteins-



reykháfar kolaorkuveranna vörpuðu löngum skugga yfir umhverfi sitt, er útblásturinn líklega fangaður og bundinn á staðnum.

Dönsk fjölskylda sem sat við hliðina á okkur á leiðinni sagði okkur frá því, að gamli Kastrup-flugvöllurinn stæði nú yfirgefinn eftir flóðin miklu í kjölfar fellibylsins Jensínu árið 2044. Við minntumst á, að þegar þú varst námsmaður í Kaupmannahöfn fyrir um 70 árum hefðu fellibyljir aðeins orðið í Mexíkóflóa og mestu hamfarirnar, sem Danir gátu þá vænst, hefðu verið djúp lægð og einn eða tveir vindasamir dagar á eftir. Hækkandi sumarhiti sjávar á Ermarsundi hefur hins vegar leitt til þess að samtvinuð áhrif fellibyls og lægri loftþrýstings hafa skapað skilyrði fyrir flóð í Danmörku. Þau hafa ógnað byggingum flugvallarins og brúnni yfir til Svíþjóðar með tilheyrandi truflun á samgöngum. Þá hefur hitastigið í Ermarsundi, eftir að flæði Golfstraumsins til Íslands og Noregs raskaðist, flókt til og frá á þessum áratug, enda hefur hin mikla flæðilína hafstraumanna veikt verulega á þessu tímabili.

Það sem kom einna mest á óvart þegar við flugum yfir vesturhluta Alpanna voru snjólausir fjallstindarnir. Við munum að þeim mörkum sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu varað við var náð síðasta sumar þegar magn CO₂ í andrúmsloftinu fór í fyrsta sinn í 500 milljónustu hluta á hverja rúmmálseiningu lofts. Nokkrir mildir vetur í Ölpunum hafa ekki aðeins leitt til nær algerrar bráðunar jöklanna, heldur hafa þeir einnig að sjálfsögðu skilið hin frægu skíðasvæði eftir snjólaus. Skíðalyfturnar hafa verið fluttar norður á bóginn og á sumum svæðunum hafa nú verið reistir gríðarstórir koltvíoxíðsfangarar og búnaður til að binda það á staðnum.



MIKLIR MÖGULEIKAR Í VETNI
Þorsteinn Ingi Sigfússon, prófesor í eðlisfræði við Háskóla Íslands, hlaut Alheimsorkuverðlaunin árið 2007 fyrir rannsóknir sínar á vetni.

MARKAÐURINN/ANTON

einmitt mikla fjársjóði og á þessu sviði er Ísland líklegt til að verða stórveldi um langan aldur. Orkuhefðin sem tekið hefur við hlutverki sem einu sinni var alfarið tengt söguhefð okkar lands, mun kveðja sér hljóðs í æ ríkari mæli á næstu árum," segir Þorsteinn. „Sjálfar orkulindirnar í framtíðinni verða að mestu leyti endurnýjanlegar og er sólin þar í forgrunni. Við ræðum sólina mikið í bókinni. Kjarnorka mun halda áfram að setja sterkan svip á orkumál jarðar en mun þróast í samrunaorku sem líklega verður orðin að veruleika í orkuverum um miðja öldina," segir hann.

„Stephen Hawking sagði að útgefandi sinn hefði varað sig við því að hafa stærðfræðilegar jöfnur í bókinni um fæðingu alheimsins. Kenning útgefandans var að við fyrstu jöfnuna þá myndi Hawking missa helming lesenda og svo koll af kolli!" segir Þorsteinn. „Ég reyni að gera það sama, en hef safnað saman efnaformúlum sem ég kem fyrir á netinu á www.tamingoftheproton.com," alþjóðlegri heimasíðu bókarinnar," segir hann.

Íslenska þýðingin er unnin með Baldri Arnarsyni og frábrugðin upprunalegu bókinni á ensku. „Ég reyni að dýpka sviðið og skýra hvert einasta atriði sem upp kemur," segir hann.

Að lokum bendir Þorsteinn á að hann hafi fengið mjög góð viðbrögð við bókinni um allan heim. Hún hafi verið gefin út á íslensku og ensku og til standi að þýða bókina á fleiri tungumál.

kennda frásögn við mörg þeirra atriða sem koma fyrir seinna í textanum. Eftir framtíðarferðina er tíminn kominn til baka á núinu og að þessu sinni fer ég með lesandann í bíltúr upp í Borgarfjörð. Nota tækifærið og skoða norðurljósin og tengi saman uppruna heimsins og róteindina sem frá og með þessum stað í bókinni verður aðalsöguhetjan!" segir Þorsteinn.

ORKA ER FJÁRSJÓÐUR ÍSLANDS

„Í bókinni getur lesandinn kynnst öllum þeim orkugjöfum sem notast er við á jörðinni, jafnt úr jarðefnaeldsneyti sem endurnýjanlegum orkulindum. Þarna eigum við Íslendingar



VETNISBÁTUR Hvalaskoðunarbáturinn Elding er að hluta til rekinn með vetnisrafal.

MARKAÐURINN/NÝORKA

Útgerðir og fjölorkustöðvar

Margar útgerðir eru að kikna undan háu olíuverði. Þegar olíureikningur útgerðar er orðinn 300 milljónir á ári, þá er hver prósentá sem sparast í olíu ákaflega verðmæt.

Þorsteinn er í samstarfi við Hugin frá Vestmannaeyjum um möguleika á að auka oktantölu brennslunnar með samblandi af súrefni og vetni.

MARGT AÐ GERAST Í VETNINU

Nýverið ákvað Össur Skarphéðinson iðnaðarráðherra að vinna að því að stofna til fjölorkustöðva víða um land. Þorsteinn telur það afar skynsamlega leið. „Þá væri hægt að fá rafmagnshleðslu, metanþyllingu, etanol og vetni.



VETNISSTRÆTISVAGNAR Alls eru þrjár vetnisstrætisvagnar í notkun hérlandis. Jafngildir um 5 prósent af strætisvagnaflotanum.

MARKAÐURINN/HARI

Þetta væri lokahnykkur í því að koma öllum samgöngum um vegi landsins yfir á eldsneyti sem unnið væri úr endurnýjanlegum eða vistvænum orkugjöfum," segir hann.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Þíða í erlendri umfjöllun um íslenskt fjármála- og efnahagslíf hefur til þessa reynst skammgóður vermir:

Enn má marka viðsnúning í skrifum

Óli Kristján Ármannsson skrifar

Fagnaðarefni er ef breytist tónninn í erlendri umfjöllun um íslenskt fjármálakerfi. Þannig sagði í frétt Financial Times um helgina að uppgjör viðskiptabankanna stóru hér, Kaupþings, Landsbankans og Glitnis, hefðu slegið á ótta við að landið stæði frammi fyrir fjármálakreppu. Vissulega finndu þeir fyrir þrengingum vegna alþjóðlegs lausafjárskorts, en bæru þó ekki stóran skaða af og tekist nokkuð vel að aðlagast nýjum aðstæðum.

Uppgjörin eru hins vegar kannski ekki langt frá því sem ráð var fyrir gert hér heima, þótt ekki séu þau í takt við svartsýnustu spár í útlöndum. Bankarnir halda sjó í erfiðu árferði og eiga hrós skilið fyrir það. Mikilsverðar eru þær breytingar sem bankarnir hafa gert á fjármögnun sinni með aukinni áherslu á innlán. Á afkomukynningarfundum Kaupþings fór Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar Kaupþings, yfir þróunina þar á bæ og svaraði fyrirspurn á þann veg að vissulega kölluðu breyttar áherslur á annað vinnulag í áhættustýringu bankans.

Þá eiga bankarnir einnig kost á fleiri leiðum í fjármögnun en skuldabréfaútgáfu eina, svo sem útgáfu breytanlegra skuldabréfa (sem yrðu þá að hlutafé í bönkunum, en þá leið hafa margir bandarískir bankar farið). Eins er hægt að vöndla saman húsnæðislánun þannig að þau geti fengið sjálfstætt mat alþjóðlegs matsfyrirtækja. Slíka vöndla má svo til dæmis selja seðlabönkum ríkja á ásettum kjörum.

Í kjölfar uppgjöra bankanna hefur svonefnt CDS-álag (skuldtryggingarálag á fimm ára skuldabréfaútgáfu bankanna) enda lækkað lítillega, þótt enn sé það með því hæsta sem verið hefur. Velta má fyrir sér ástæðum þess að það lækkar ekki hraðar en raun ber vitni. Spilar þar væntanlega inn í hversu óskilvirkur og ógagnsær hann er þessi markaður með skuldtryggingar og hvernig hann ræðst fremur af tilfinningu einstakra miðlara á erlendum fjármálamörkuðum.

Tregða í lækun skuldtryggingarálagsins kann líka að vera áminning um að varhugavert sé að hlaupa upp til handa og fóta og fagna sigri í umræðuvandaslag íslensks fjármálakerfis. Frá því að þrengja tók að á mörkuðum erlendis hefur við hvert einasta uppgjör bankanna verið talið að tölurnar gætu beint umræðu um þá inn á réttar brautir, lausar við illa grundaðar vangaveltur um veika stöðu þeirra og vanda-mál í fjármögnun. Raunin hefur svo jafnan orðið sú að góðu fregnirnar gleymast hratt.

Þannig var það fyrir á árinu þegar íslensku bankarnir voru nýbúin að birta ársuppgjör sín og þóttust hafa unnið nokkurn sigur í umræðunni að svissneski stórbankinn Credit Suisse þurfti að afskrifa væna summu vegna undirmáslána. Við það bættust 10 punktar ofan á skuldtryggingarálag svissneska bankans, en 30 til 40 punktar á þá íslensku, sem þó bera ekki nema óbeinan skaða af undirmáslánum í formi þrenginga á fjármálamörkuðum.

Því er líklega rétt að þíða aðeins og sjá hver tónninn verður í áframhaldandi umfjöllun um íslenskt efnahagslíf. Ekki er ólíklegt að erlenda greinendur fari enn að lengja eftir fréttum af lántöku til styrktar gjaldreyrisvarasjóði landsins og þar með baklandi bankanna. Þá eru blikur á lofti hvað varðar sparisjóði landsins sem margir hverjir standa höllum fæti eftir undangengnar lækkanir á hlutabréfamarkaði. Verkefni fram undan eru ærin þótt aðeins hafi sést til sólar í erlendri umfjöllun.

annas@markadurinn.is | bjorn.ingi@markadurinn.is | bjornthor@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is



Sérnsniðin enskuþjálfun fyrir fólk í erlendum viðskiptum.

Námskeið fyrir þá sem hafa góðan grunn í ensku, en vilja bæta stöðu sína og ná betri tókum á faglegu tungutaki og orðnotkun.

Hagnýt þjálfun og reyndir kennarar tryggja miklar framfarir á stuttum tíma. Form námskeiða: Einkuþjálfun, samsett námskeið, smáhópur.

Tími: Ein vika eða tvær - og í boði allt árið.

Executive & Professional Language Training

lingo

KYNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

Friedman og Ísland

ORÐ Í BELG

Stefán Snævarr
prófessor í
heimspeki



Sú var tíðin að nokkuð stór hópur Íslendinga trúði hverju einasta orði sem Karl Marx hafði sett á blað. Bókstafstrú þessi hvarf góðu heilli en við tók önnur, litlu skárrí, trúin á kennivald Miltons Friedman. Varla líður sá dagur að einhver álitshafi bergmáli ekki skrif Friedmans í fjölmörgum þessa guðsvolaða lands.

ÁVÍSANAKERFI Í SKÓLUM

Til dæmis hafa ýmsir íslenskir álitshafar gleypst þá Friedmans-hugmynd hráa að ávísanakerfi í skólum sé allra skólameina bót. Ekkert bendir til þess að þeir hafi kynnt sér gagnrýni á þessa hugmynd, alla vega þegja þeir þunnu hljóði yfir henni. En hvað er átt við með „ávísanakerfi í skólum“? Átt er við kerfi þar sem skólar eru í einkaeign en foreldrar fá ákveðna upphæð frá hinu opinbera sem þeim er skylt að nota til að fjármagna skólagöngu barna sinna.

Nefna má að breski heimspekingurinn Harry Brighthouse hefur gagnrýnt ávísanakerfis-hugmyndina og aðrar hugmyndir um allsherjar einkavæðingu skólakerfisins af nokkurri hind. Hann bendir á að skólakerfi sem byggir á einkarekstri hafi ýmsa galla. Til dæmis verður samkeppnin ævinlega fremur takmörkuð því í reynd getur viðskiptavinurinn ekki valið milli nema fimm til sex skóla. Gagn-

stætt því er venjulega til urmull af þípurum og rökurum sem velja má milli.

Einnig er talsverður kostnaður við að skipta um skóla, mikið vesen kringum það flytja barn úr einum skóla í annan. Vart þarf að taka fram að ekkert til-tökumál er að skipta um rakara eða pípulagningamann. Til að gera illt verra getur enginn fengið fullkomnar upplýsingar um skóla, hvað þá fullkomnar upplýsingar um hvaða skóli hæfi tilteknu barni best. Brighthouse fordæmir samt ekki hugmyndina um ávísanakerfi en hvetur menn til að fara gætilega í sakirnar.

PENINGAMAGNSKENNING

Þegar Friedman hrökk upp af kepptust þeir Hannes Gissurason og Þorvaldur Gylfason um að lofsyngja hann og töluðu eins og hann væri það nýjasta nýtt í stjórnmálahagfræði. En hinn heimsfrægi hagfræðingur Paul Krugman segir annað í sinni minningargrein um Friedman. Hann víðurkennir vissulega að

Friedman hafi gert ýmislegt vel en segir að peningamagnskennning hans hafi ekki reynst vel í framkvæmd. Hafi því flestir gefist upp á henni.

Nóbelslagfræðingurinn Joseph Stiglitz tekur í sama streng og kallar peningamagnskennninguna „einfeldningslega“. En hvað er peningamagnskennning? Hún er kenning um verðmyndun sem á sér eldgamlar rætur en Friedman dustaði rykið af henni fyrir margt löngu. Samkvæmt henni orsakast verðbólga af ofþrengningu peninga, magn peninga í umferð ræður verði.

FRIEDMAN OG EINRÆÐISHERRANN

Minnumst þess að Stiglitz segir að fylgispekt við kreddur Friedmans hafi leitt til stórkreppu í Chile árið 1982. Bæta má við að hagfræðingurinn Kalle Moene segir að hagvöxtur á valdaskeiði Pinochets hafi ekki verið nema skitin tvö prósent og mestur eftir að einræðisherrann losaði sig við Friedman-skreddurinn og tók upp blandaðan markaðsbúskap. Það fylgir sögunni að þeir Þorvaldur og Hannes hafa sungið efnahags-„afrekum“ einræðisherrans lof og pris og þakkað Friedman þau.

Ekki láta gagnrýnendur Friedmans sér nægja að lasta peningamagnskennninguna, sumir brigsla ameríska hagfræðingnum um þjónkun og undirlægju-semi við stórauðvald og einræðisherra á borð við Pinochet. Þess lags gagnrýni má finna í bók Naomi Klein, The Shock Doctrine. Hún segir líka að kennslan í hagfræðideildinni í Chicago þar sem Friedman réði ríkjum hafi líkst heilaþvotti meira en háskólakennslu. Nemendum hafi ekki verið kennt neitt annað en kreddur Chicagoskólans sem Friedman veitti forstöðu.

Enn aðrir fræðimenn með vísindaheimspekinginn John Dupre í broddi fylkingar segja að kenningar Friedmans séu ekki prófanlegar og þar af leiðandi ekki vísindalegar. Reyndar er Dupre einn þeirra fjölmörgu fræðimann sem telja hag-„fræði“ froðu, ekki réttfend vísindi.

Hvað sem þessu líður er bókstafstrú mjög af hinu illa, hvort sem menn éta frasana upp úr Friedman eða Marx.



AFMÆLISFÖGNUM Milton og Rose Friedman við hátíðlega athöfn ásamt George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, á níræðisafmæli Nóbelsverðlaunahafans Friedmans árið 2002.

ORÐSKÝRING

Fljótandi gengi

Fljótandi gengi ræðst algerlega af framboði og eftirspurn en er ekki miðað við annan gjaldmiðil eða gengisvog. Andstaðan við fljótandi gengi er fast gengi en það er oftast ákveðið af seðlabanka. Fullkomlega fljótandi gengi er þegar stjórnmöld reyna ekki að koma í veg fyrir gengissveiflur. Stýrt flot er þegar opinberir aðilar, sér í lagi seðlabanki, reyna að hafa áhrif á gengið. Undanfarna tvo áratugi hefur íslenska krónan verið fljótandi. Seðlabanki Íslands reyndi að stýra flotinu allt til ársins 2001 en síðan þá hefur bankinn ekki haft það að markmiði að halda genginu innan ákveðinna marka. Helsta markmið hans er að halda verðbólgu niðri þannig að gengi krónunnar hefur samt sem áður haft áhrif á aðgerðir bankans.

Einn stærsti kosturinn við fljótandi gengi er að stjórnmöld hafa svigrúm til að haga peningamálastjórn sinni eftir þörfum efnahagslífsins. Helsti ókosturinn er að fljótandi gengi hættir til að hækka og lækka á víxl og oft langt umfram verð á vöru og þjónustu. Spákaupmenn geta t.a.m. aukið gengissveiflurnar. Þetta getur



haft vond áhrif á erlend viðskipti og hagvöxt.

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands voru allir helstu gjaldmiðlar heims með fast gengi sem byggðist á gulli. Þá voru gjaldmiðlarnir á gullfæti en bak við hvern gjaldmiðil var loforð útgefandans um að láta seðlana fyrir gull. Þetta kerfi brotnaði niður við upphaf fyrri heimstyrjaldarinnar. Í kjölfarið var gengi allra helstu gjaldmiðla fest gagnvart Bandaríkjadollara en eftir 1970 var horfið frá þessu alþjóðlega fastgengiskerfi.

Fastgengiskerfi er innan Evrópusambandsins. Þróun á upptöku evru er þannig að fyrst er gengi gjaldmiðils haldið nokkuð föstu gagnvart evrunni, svo er það fest alveg og síðan er tekin upp evra. Evran er hins vegar fljótandi á alþjóðgjaldeyrismörkuðum. Bandaríkjadollari er líka haldið föstum í Bandaríkjunum en gengi hans er fljótandi út á við.

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Annas Sigmundsson, Björn Þór Amaron, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalstein Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufald RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatthlíð 24, 105 Reykjavík ABALSÍMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn skilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

MANNAUÐSMÁL

Lykill að velgengni skipulagsheilda

Mannauðsstjórnun hefur orðið miðlægur þáttur í stjórnun skipulagsheilda síðustu ár og snertir alla helstu grundvallarþætti í stjórnun. Einn þeirra snýr að ráðningu og vali á starfsfólki.

Ávallt verður að gera ríkar kröfur um jafnræði í ráðningarferli og ferlið oft gagnrýnt þegar ekki er stuðst við formlegar reglur. Eru leikreglur hins almenna vinnumarkaðar og hins opinbera þó að mörgu leyti ólíkar er kemur að þáttum eins og hvort auglýsa eigi og þá hvernig beri að haga auglýsingu starfa. Ráðningarferli í anda mannaússtjórnunar gengur út á að bera kennsl á, laða að og velja einstaklinga sem falla best að þeim kröfum sem skipulagsheildir gera. Einnig má segja að val á starfsfólki sé höfnunarferli þar sem hópur umsækjenda er þrengdur með því markmiði að þeir hæfustu standi eftir.

Mikilvægt er að báðum ferlunum sé stjórnað af sérþekkingu og að hæfir einstaklingar annist ráðningarferlið; að handahófskenndar aðferðir víki fyrir skýrum línunum og að þeim sé fylgt. Einstaklingar eru valdir til starfa á forsendum mats á hæfni þegar unnið er eftir leikreglum mannaússtjórnunar. Reynt er að spá fyrir um framtíðarafköst með réttmætum og áreiðanlegum aðferðum þar sem brjóstvit getur oft á tíðum verið lélegt viðmið. Því er lögð áhersla á hlutlægar og mælanlegar aðferðir við ráðninguna. Hins vegar fer val á starfsfólki gjarnan fram með þeim hætti

að huglægt mat hefur töluverð áhrif.

Lykillinn að velgengni skipulagsheilda er að hafa rétta fólk í um borð. Lykillinn má finna í vasa fagaðila á sviði ráðninga og þeirra sem nýta sér grundvallaratriði mannaússtjórnunar. Þar segir að allir umsækjendur eigi að sitja við sama borð í ráðningarferlinu.

Rangt ráðningarferli getur leitt til mistaka í vali á starfsfólki og áætla má að kostnaður vegna slíkra mistaka kosti skipu-

lagsheildir tugi prósentu af árslaunum viðkomandi starfsmanns sem gerir aðferðir mannaússtjórnunar enn mikilvægari. Ekki er óalgengt að lögð sé til fyrirmynd að ráðningarferli með líkani til að koma í veg fyrir mistök. Þar er meðal annars gert ráð fyrir starfsgreiningu sem segir til um hvað felst í stöðunni sem þarf að mæla og þeirri hæfni sem starfið útheimtir. Þar er um kerfisbundna athugun að ræða þar sem starfið er brotið niður í smærri einingar þar sem starfs-

kröfur þurfa að vera ljósar áður en leitin að réttum starfsmanni hefst. Starfslýsing er þá notuð í ráðningarferli til að ákveða þær menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar eru.

Gæta þarf þess þó að starfslýsingin sé ekki of niðurnegld þannig að hún virðist ósveigjanleg og flókin enda þarf að haga vali á starfsfólki eftir aðstæðum miðað við hvaða starf er um að ræða. Þannig þarf til dæmis að meta að hve miklu leyti huglægir þættir eiga rétt á sér. Enn fremur veltir undirrituð fyrir sér hvort hlutleysi sé yfirleitt til þar sem skapalón af réttum starfsmanni veltur á sjónarhorni þess sem

það sníðir. Hvað sem því líður þá er faglegt ráðningarferli öllum aðilum í hag. Til að standa faglega að málum í þessu sambandi er hægt að nýta aðferðir í anda mannaússtjórnunar og leita til einstaklinga með sérþekkingu sem kunna að beita henni.

Andrea Róberts
MS í mannaússtjórnun og BA í félagsfræði og kynjafræði.



skemmtilegri

NÝ ÞÁTTARÖÐ
HEFST 16. ÁGÚST



LATIBÆR
VINSÆLASTA ÍSLENSKA BARNAEFNIÐ
FYRR OG SÍÐAR

KYNNTU ÞÉR
VETRARDAGSKRÁ
STÖÐVAR 2 Á
STOD2.IS

GLITNIR

SPÁKAUPMAÐURINN

Stigið varlega til jarðar

Gaman er að sjá hvað menn eru helv. brattir í bankakerfinu. Þar tekst þeim nú líka svo sem ágætlega að troða marvaðann innan um aðra evrópska banka sem jafnvel mara í hálfu kafi. Uppgjör sem þessi hefðu nú samt tæpast þótt tilefni til veisluhalds hér áður, þótt erlendir fjölmiðlar hafi, að minnsta kosti í bili, látið sannfærast um að hér sé ekki allt á leiðinni í kaldakol.

Mest gaman finnst mér samt að fylgjast með sumum forsvarsmanna sparisjóðanna, sér í lagi þessum eina sem hefur orðið að hlutafélagi, enda hefur þar ekki verið að sjá að nokkur væri beygður í lausafjárkreppunni. Allt bara á blússandi siglingu.

Annars er best að stíga varlega til jarðar þegar kemur að yfirlýsingum um sparisjóðina. Ég reyndi að minnsta kosti að virðast ekki of áfjádur í að selja í fyrra þegar menn fóru grenjandi um allt land í leit að stofnbrefum með gullglampa í augum. Það er algjör óþarfi að vera að núna mönnum því um nasir að maður hafi losað um þessar eignir á „ásættanlegum“ kjörum á þessum tíma. Núna er best að vera bara sem mest í bústaðnum, já eða jafnvel að bregða sér til Mónakó, þar sem maður getur verið viss um að mæta ekki þeim á götu sem látið hafa gullglampann víkja fyrir örvæntingarbliki.

Já, þetta er fín hugmynd. Best að bóka á Business Class til að vera viss um að lenda ekki við hliðina á einhverjum brenndum. Hvort ætli sé nú betra að fljúga til Parísar eða Milanó upp á að taka lestina niður til Monte Carló?

Kvótaþak hamlar vexti sjávarútvegs

Annas Sigmundsson
skrifar

„Í sjávarútvegi þar sem starfað er við útflutning mæla engin hagfræðileg rök með því að stærð fyrirtækja sé haldið niðri með hömlum á kvótaeign,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður grein­ingar Kaupþings. Hann telur röksemdir fyrir því að vera með kvótaþak á sjávarútvegsfyrirtæki hærna.

Hann telur að á næstu árum muni hag­ræðing halda áfram m.a. með fækkun starfsfólks líkt og þróunin hefur verið á síðustu áratugum. Þegar til framtíðar er litið gætum við átt von á því að sjá annars vegar stór fjölbætt fyrirtæki og hins vegar smá sérhæfð fyrirtæki. Á síðustu árum höfum við sé mikla grósku í starfsemi smáfyrirtækja í sjávarútvegi sem hafi fundið sér margar markaðsyllur.

Aftur á móti segir Ásgeir að kvótaþakið hérlendis hindri hagræðingu í greininni og komi í veg fyrir breidd í rekstri. Það hafi líka verið ein ástæða fyrir því að stærð sjávarútvegsfyrirtækja hafi staðið í stað á síðari árum á meðan fyrirtæki í mörgum öðrum greinum hérlendis hafi stækkað hratt.

„Sjávarútvegur verður að búa við sömu reglur og aðrar atvinnugreinar í landinu. Bæði hvað varðar fjárfestingar útlendinga og hins vegar eru engin hagfræðileg rök fyrir því að takmarka stærð sjávarútvegsfyrirtækja sem selja alfarið erlendis öfugt við það sem t.d. gerist um fákeppni á innanlandsmarkaði,“ segir Ásgeir.

Hann segir að einmitt nú þegar samdráttur sé í úthlutunum aflaheimildum sé nauðsynlegt að vikka kvótaþakið sem færast sífellt neðar þegar heildarkvótinn skerðist. Það sé grunnforsenda þess að sjávarútvegsfyrirtæki geti staðið af sér núverandi þrengingar.

Haustið 2007 hélt Ásgeir fyrirlestur sem bar heitið Útvegur og byggðastefna á vegum Rannsóknarstofnunar um samfélags og efnahagsmál (RSE). Þar reyndi hann m.a. að svara því hvers vegna sjávarútvegsfyrirtækin hefðu ekki leitt útrás íslenskra fyrirtækja á síðustu árum.

Hann segir að fyrir fimmtán árum síðan hafi bestu fyrirtæki landsins verið sjávarútvegsfyrirtæki. Íslendingar hafi veitt fisk með skilvirkari hætti en flestar aðrar þjóðir. Sjávarútvegsfyrirtækin hafi auk þess verið lang styrkustu útflutningsfyrirtækin hérlendis sem voru í útflutningi.



ÁSGEIR JÓNSSON

Ástæður þess að þessum fyrirtækjum hafi ekki gengið betur í útrás erlendis séu margþættar.

„Í fyrsta lagi er sjávarútvegur erlendis oft ekki stundaður eins og venjuleg atvinnugrein heldur er hann seldur undir ýmis konar pólitísk höft. Erfitt getur reynst að yfirfæra íslenska þekkingu inn á ný svæði eins og var t.d. í Rússlandi. Þar þurfti að eiga við ýmis stjórn­málaleg vandræði sem var mjög erfitt að eiga við. Það var líka verið að reyna að kaupa slæm fyrirtæki og laga þau. Það reyndist einnig erfitt,“ segir Ásgeir.

SLÆM VAXTASKILYRÐI

Flest sjávarútvegsfyrirtæki hérlendis fóru af hlutabréfamarkaði á árunum 2003 og 2004. „Fyrirtækin náðu ekki að vaxa með þeim hætti sem þarf til þess að geta verið á hlutabréfamarkaði. Þar er alltaf gerð aukin krafa um markaðsvirði og seljanleika hlutabréfanna,“ segir Ásgeir. Hann segir að áhugi á þeim hafi ekki verið mikill á markaðinum meðal hlutabréfafjárfesta.

Ásgeir segir að núverandi kvótakerfi sem byggist upp á því að þeir hæfari kaupni upp kvóta þeirra sem ekki standi sig, sé hagkvæmt en þeir sem fari úti úr greininni bera samt mest út býtum fyrst í stað. Hagræðing sem var í kringum 1990 þegar fyrirtæki voru að kaupa upp kvóta hafi því verið mörgum fyrirtækjum mjög kostnaðarsöm og endurspeglast í fremur háum skuldum í greininni.

Hann segir að þar sem úthlutaður afli minnki stöðugt á milli ára gripi útgerðir til þess að kaupa stöðugt meiri kvóta og hann sé dýr. Hagræðing verði því hæg auk þess sem þessi atvinnugrein sitji stöðugt undir pólitískum árasum um upptöku kvótans – jafnvel þó hann hafi verið keyptur fullu verði fyrir öpnun tjöldum.

Auk þess segir Ásgeir að aðilar sem hafi verið keyptir út úr greininni hafi verið nokkuð áberandi á íslenskum hlutabréfamarkaði.

„Segja má að eignastýring hérlendis hefji starfsemi sína með kvótapeningum í kringum árið 1990. Þá eru aðilar sem selja sig út úr greininni og hefja aðrar fjárfestingar,“ segir hann.

Eitt þekktasta dæmið er líklegast Atorka, félag sem Þorsteinn Vilhelms­sson stofnaði eftir að hafa selt sig út úr Samherja, sem breyttist úr því að vera upphaflega fjárfestingafélag í sjávarútvegi yfir í það að vera alhlíða fjárfestingarfélag.



Í HLJÓÐEINANGRUN Hljóðeinangrað prófanaherbergi Lenovo hvílir á gormum og er aðeins 12dB „hávaði“ í því sem er nær algjör þögn.

Eldingum skotið í tölvur í prófunum

Tölvuframleiðandinn Lenovo leggur mikla áherslu á gæða­prófanir í framleiðslu á tölvubúnaði sínum. Björn Birgisson, yfirvörustjóri hjá Nýherja, heimsótti höfuðstöðvar Lenovo í Peking og komst að því að þar eru tölvurnar frýstar, hristar, hitaðar, fallprófaðar og láttnar verða fyrir eldingum í gæðaprófunum.

Björn segir að Peking sé engu lík og hafi hún tekið stakkaskiptum í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana þar sem uppbygging er gríðarleg. „Í borginni mætist nútíminn og svo aldagamall lífsstíll Kínverja og það var virkilega gaman að sjá hvernig hlutir hafa breyst í þeim mikla hagvexti sem einkennt hefur kínverskan efnahag síðustu ár,“ segir hann.

Björn segir að heimsókn til Lenovo sé mjög áhugaverð og hafi ferðalangar fengið að kyn­nast þeim metnaði sem einkennir Lenovo og hvernig hið rótgróna kínverska fyrirtæki hafi orðið alþjóðlegt heimsfyrirtæki á nokkrum árum.

„Þeir státa af 37 prósent markaðshlutdeild í Kína og þekkja þann markað gríðarlega vel. Þar fengum við að sjá hvernig Lenovo prófar búnaðinn og státa þeir af mestu gæðaprófunum sem svona tölvubúnaður fer í gegnum þar sem tölvur eru frýstar, hristar, hitaðar, fallprófaðar og láttnar verða fyrir elding-

um ásamt fjölda annarra prófana. Það var sérstaklega áhuga­vert að koma inn í fullkomlega hljóðeinangrað herbergi þar sem þeir mæla hávaða í tölvum. Herbergið hvílir á gormum og er aðeins 12dB „hávaði“ inni í því sem er nær algjör þögn en slíkt er ekki hægt að upplifa á mörgum stöðum í heiminum,“ segir Björn.

Þá var haldið í verksmiðju sem framleiðir borðtölvur þar sem fjöldi færbanda snýst nánast allan sólarhringinn.

„Það er athyglisvert að vita að svona verksmiðja getur framleitt ársþörf Íslendinga á tveimur dögum. Í lok framleiðsluferils eru allar tölvur láttnar ganga í sérstöku hitaklefum sem tryggir að það fara engar vélar með bilunum eða göllum til viðskiptavina og er bilanatíðni þeirra með því lægsta sem gerist,“ segir hann.

Lenovo framleiðir meðal annars ThinkPad-fartölvur en fyrirtækið tók við framleiðslunni úr höndum IBM fyrir nokkrum árum.

„Hönnun á fyrstu ThinkPad-vélunum, undir merkjum IBM, fór fram í Japan og á uppruna sinn að rekja til nestisboxa sem Japanar nota gjarnan, Shokado Bento. Nafnið ThinkPad kemur frá lítilli minnisblokk sem á stóð Think og slíka fengu viðskiptavinir IBM að gjöf enda kjörorð IBM,“ segir Björn.

Sparisjóðirnir komnir úr sparifötunum

HAFLÍÐI HELGASON
FAMKVÆMDASTJÓRI
HJÁ SJÁVARSÝN



Ekki fer fram hjá neinum sem fylgist með á fjármálamarkaði að sparisjóðirnir eru hægt og bitandi að týna tölunni. Kaupþing hirðir upp sína sparisjóði þessa dagana og búast má við að Glitnir og Landsbankinn hirði eitthvað til sín á næstunni. Tími sparisjóða á Íslandi er því líklegur á enda runninn.

Þessi þróun kemur ekki á óvart en leiðinlegt að þeir hverfi með þessum hætti; langþreyttir og komnir að fótum fram veita stóru bankarnir þeim náðar­höggið einum á eftir öðrum.

TREGÐULÖGMÁL TEFJA ÓHJÁKVÆMILEGA ÞRÓUN

Fyrir nokkrum misserum var staðan önnur. Þá voru bankarnir tilbúnir að borga talsvert fé fyrir sparisjóðina og við það hefðu orðið til gildir sjóðir í þeim samfélögum sem sparisjóðirnir störfuðu. Nú er ekkert aukreitis í slíka sjóði. Það var átakanleg skammsýni þeirra sem börðust gegn þessari þróun á sínum tíma. Sorglegast í því er að þeir sem hæst hrópuðu á þeim tíma gerðu það í nafni andstöðu sinnar við „græðgisvæðinguna“ og andstyggð á lögmálum mark-

aðarins í kapítalísku hagkerfi sem Vesturlönd hafa komið sér saman um að sé öflugasta kerfið til verðmætasköpunar. Þannig er það oft að tregðulögmálin gera ekkert annað en að tefja fyrir óhjákvæmilegri þróun og oft á kostnað þeirra sem síst skyldi. Í tilfelli sparisjóðanna varð töfin á kostnað menningar- og samfélagsverkefna í þeim byggðarlögum sem þeir starfa.

Nú eru kostirnir í mörgum tilvikum skýrir; að renna inn í bankana eða verða gjaldþrota ella. Kannski er ekki ástæða til að vera að skyggja á gleði úrtölumanna með því að draga þetta fram. Tímarnir núna eru jú þeirra hátíð.

RÝR AFKOMA AÐ FRÁDREGNU GENGI OG VERÐBÓLGU

Uppgjör bankanna voru í stórum dráttum eins og við var að búast. Fram undan er rýr uppskera í bankastarfsemi og vaxandi afskriftir. Sem fyrir við slíkar aðstæður skiptir höfuðmáli að

skera niður kostnað, vera eins gagnsær í upplýsingagjöf og kostur er og reyna að halda sjó í gegnum öldurótið. Viðbrögð erlendis hafa verið þökkalega jákvæð hjá þeim sem dregið hafa upp dekkstu myndina af íslensku bönkunum. Það skiptir miklu að fjármálakerfið haldi og bankarnir og hagkerfið nái að skapa tiltrú á ný á alþjóðamörkuðum.

Sá hagnaður sem birtist á öðrum ársfjórðungi er að mestu leyti hlendi í skó og heldur engum hita til lengdar. Ef verðbólga og gengisfall er dregið frá, þá er afkoman rýr hjá bönkunum, þótt þeim takist að verja eigið fé sitt gegn hreyfingum krónunnar. Krónan er sem fyrr viðbótaráhætta í rekstri bankanna og meðan hún er uppgjörs- og skráningarmynt þeirra er ólíklegt að erlend fjárfesting komi að ráði inn í bankana. Það er hins vegar það sem þyrfti að gerast.

Það er jákvætt að sjá að fjármálakerfið bregst við með hagræðingu og þótt það sé dapurlegt

að endalok sparisjóðanna séu með þeim hætti sem nú stefnir í, þá er skömminni skárna að þeir renni inn í bankana en að þeir fari á hausinn. Gjaldþrot íslensks banka, sama hvaða nafni hann nefndist, yrði líklegur olía á eld vantrúar á fjármálakerfið með tilheyrandi tjóni fyrir hagkerfið. Hagræðingarferli samdráttarins er hafið og fyrstu gjaldþrotin farin að líta dagsins ljós. Það er leiðinlegt að þessi veisla skuli enda svona, en ekkert getur úr því sem komið er hindrað að timburmennirnir verði hastarlegir og einhverjir munu fá *delirium tremens*.

GÆTI ÍSLENSKA EYÐSLU-KLÓIN SNÚIÐ VIÐ BLAÐINU?

Hörð lending er örugg niðurstaða þessarar hagsveiflu, en því miður er öll óvissan enn í átt til hins verra. Ef krónubræfaútgefendur snúa við okkur baki í stórum stíl er hætt við að krónan veikist enn frekar. Gengis­vísitala í 180 eða 200 gæti leikið

okkur grátt. Jafnvægi í viðskipta­jöfnuði gæti orðið til þess að krónubræfaútgáfa haldi áfram á þeim forsendum að fyrr eða síðar muni vaxtamunurinn skila þeim réttum megin við núllið. Miðað við stöðu krónunnar nú eru þeir allir í tapi og niðurstaðan sú að hinir háu íslensku vextir íslenska yfirdráttarins hafa ekki megnað að vinna upp lækkan á krónunni. Íslenska eyðsluklóin, eins og Margeir kallaði meðal­jóninn, hefur því fengið meðgjöf frá belgískum tannlæknum og ítölskum ekkjum til að fram­lengja veisluna. Spurningin nú er hvort tapsárir endafjárfestaráhætta að lána íslensku eyðsluklónni eða þeir reyna að vinna eitthvað af tapinu til baka.

Svo er alltaf spurning hvort Íslendingar fari að hegða sér ráðdeildarlega í fjármálum og greiði niður yfirdráttinn hratt og örugglega. Ég myndi ekki þora að leggja minn eigin sparisjóð undir slík sinnaskipti. En auðvitað kallar óvissa um framtíðina á breytta og aðalssamari hegðun.

Þótt það sé dapurlegt að endalok sparisjóðanna séu með þeim hætti sem nú stefnir í, þá er skömminni skárna að þeir renni inn í bankana, en að þeir fari á hausinn. Gjaldþrot [...] yrði líklegur olía á eld vantrúar á fjármálakerfið.

Með stefnuleysi er vandanum viðhaldið

„Ef það er eitthvað sem Evrópusambandið gerir vel, þá er það að skapa grunn fyrir efnahagslegan stöðugleika,“ segir Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar. Hann segir ríkisstjórnina þurfa að marka nýja langtíma stefnu með hliðsjón af breyttum aðstæðum. Allt bendi til evrópsks gjaldmiðlasamstarfs. Árni Páll vill slá á fingur orkufyrirtækjanna og endurvinna tiltrú almennings á orkuvinnslu. Óli Kristján Ármannsson viðskiptaritari stjóri ræddi við Árna Pál.

Gott er að fá yfir sumartímamann ráðrúm til að meta aðstæður og velta fyrir sér hvert stefnir í efnahagsmálum, að mati Árna Páls Árnasonar þingmanns. Hann segir hins vegar ljóst að í haust hljóti að vera tími aðgerða og skýrrar stefnumörkunar á sviði stjórnmálanna.

„Ég get tekið undir margt sem fram kom í viðtali Markaðarins við þingmennina Illuga Gunnarsson og Bjarna Benediktsson í nýliðnum mánuði og deili sumum áhyggjum þeirra. Um leið er ég sammála því sem Þórarinn V. Þórarinnsson [lögfræðingur og fyrrum framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins] og Ari Skúlason [hagfræðingur sem áður var hjá Alþýðusambandinu] sögðu í síðasta blaði um að nú þurfi pólitíska leiðsögn um hvert skuli halda,“ segir Árni Páll.

Þjóðin stendur ekki frammi fyrir almennt krísi í efnahagslífinu og innviðir atvinnulífsins eru almennt sterkir, að mati Árna Páls. „Höfuðvandinn lýtur að lausafjárfreppunni og hvernig hún leggst þyngra á okkur en önnur ríki.“ Ástandinu segir hann mega líkja við inflúensu, sem þyngst leggist á þá sem veikir séu fyrir. „Hér hafa verið veikleikar, svo sem sú staðreynd að bankakerfið er margfalt stærra en geta Seðlabankans til að verja það. Þetta höfum við vitað árum saman, en ekki hafst að meðan vel áraði. Núna þegar á bjátar erum við hins vegar berskjölduð fyrir afleiðingunum.“

STJÓRNARSÁTTMÁLASJÁLFSTYRINGIN GENGUR EKKI Í FJÖGUR ÁR

Lausnir til lengri tíma segir Árni Páll þurfa að miða að því að draga úr áhrifum lausafjárfreppunnar, en það verði best gert með mörkun skýrrar stefnu sem auki tiltrú á íslenskt efnahagslíf, jafnt innan lands sem utan og skapa þannig forsendur fyrir hraðri lækun stýrivaxta. „Margir telja ekki hægt að horfa til langtíma stefnumörkunar nú vegna þess að við

þurfum að komast út úr þessum öldudal. En til að komast út úr öldudalnum þurfum við að skýra hvert við stefnum. Seðlabankinn mun eiga mjög óhægt um vik að lækka vexti á meðan að óvissa ríkir um langtíma stefnu á sviði peningamála. Ég held að það sé mjög óraunfært að ætla að við komumst út úr þessum aðstæðum án þess að segja hvert við ætlum til lengri tíma.“ Verði það ekki gert óttast Árni Páll að haldið verði við óvissuástandi, með tilheyrandi vantrú á Seðlabankann og peningamálastefnu þjóðarinnar. „Hvernig í ósköpunum eiga útlendingar að hafa tiltrú á peningamálastefnunni ef við erum sjálf búin að tilkynna að við ætlum í endurskoðun á henni, en erum ekki byrjuð á þeirri endurskoðun og gefum engar vísbendingar um hvert við ætlum að stefna til lengri tíma lítið? Það eru engir útlendingar nógu vitlausir til að trúa einhverju sem við trúum ekki sjálf,“ segir hann.

Langtíma stefnumörkun er, að mati Árna Páls, vegvísirinn út úr þeim brimskafla sem nú er við að etja í efnahagsmálum. Telur hann þar komið að grundvallarspurningunni um hvort ríkisstjórnin geti tekist á við nýjar aðstæður. „Hér höfum við byggt á þeirri hefð að meirihluta stjórnmálur taka einfaldlega á þeim vandanum sem upp koma á kjörtímabilinu og leysa þau. Í sumum löndum er stjórnarmgjörð veikari og menn telja sig stundum þurfa að sækja umboð til þjóðarinnar til að takast á við nýjar aðstæður. Af hálfu Samfylkingarinnar er að minnsta kosti ekkert sem stendur í vegi fyrir því að takast á við þessar aðstæður. Við vörðum við þeim og bentum á lausnir fyrir síðustu kosningar,“ segir hann og kveðst ekki vantrosta meðstjórnarflokknum í þessum efnum. „Það hefur verið einkenni Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn að rísa undir því að takast á við nýjar aðstæður, hvaða skoðanir sem við sem ekki erum sjálfstæðismenn höfum haft á þeim aðgerðum. Oft hefur það verið gert með að-



VILL LEGGJA LÍNUR Í HAUST Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, kveðst deila sumum þeim áhyggjum sem Illugi Gunnarsson og Bjarni Benediktsson, samþingmenn hans úr Sjálfstæðisflokki, hafa af þróun efnahagsmála hér. Hann segir ljóst að leita þurfi samstarfs við Evrópusambandið í gjaldmiðlasmálum.

MARKAÐURINN/GVA

dáunarverðum hraða og sé ég því ekkert til fyrirstöðu að ríkisstjórnin takist nú á við þetta úrlausnarefni, rétt eins og önnur. Menn geta ekki bara búið til stjórnsáttmála og sett svo á sjálfstýringu í fjögur ár,“ segir hann og bendir á að sitjandi ríkisstjórn hafi rúman meirihluta og því alla burði til að takast á við erfið mál.

ENGIN ÞJÓÐ HEFUR SÓTT UM EVRÓPUSAMBANDSADILD Í UPPSVEIFLU

„Ég held við getum ekki ýtt því undan okkur mikið lengur að segja hvert við stefnum til lengri tíma og tel kostina í raun bara vera tvo.“ Árni Páll segir annan möguleikann að reyna að búa krónunni umgjörð sem haldi til langframa. „Veljum við þann kost er mjög óvíst um árangur. Líkt og Bjarni Benediktsson benti á í Markaðnum er ekkert sem bendir til þess að ávinningurinn af því að halda úti krónunni vegi upp á móti tjóninu sem af henni er. En ef við ætlum þessa leið verðum við að marka nýja umgjörð um peningamálastefnuna nú þegar. Strax í þingbyrjun þarf þá að breyta lögum um Seðlabankann og styrkja stofnanastrúktúrinn í kringum mörkun peningamálastefnunnar, svo sem með því að setja á fót peningamálaráð líkt því sem tíðkast hjá þeim Seðlabönkum sem framast standa, með aðkomu bestu hagfræðinga sem völ er á. Jafnframt þarf þá að skýra stjórnunarlega ábyrgð í Seðlabankanum og hafa einn bankastjóra sem sætir ábyrgð ef framkvæmd peningamálastefnunnar stenst ekki viðmið. Við þurfum þá líka að setja okkur markmið um stöðugleika, þá væntanlega Maastricht-skilyrðin, og beita harðari peningamálastefnu og aðhaldssamari stefnu í ríkisfjármálum en önnur ríki með stöðugri gjaldmiðil geta leyft sér. Árangurinn er hins vegar óljós og kostnaður kann að verða gríðarlegur,“ segir hann. Miðað við það álag sem verið hefur á lántökur ríkisins og kostnað bankanna af gengisvörnum, telur Árni Páll að árlegur kostnaður ríkis og banka við gengisvarnir nú geti verið í kringum hundrað milljarða króna, sem bætist við þá 70 milljarða sem hingað til hefur verið talið að það kosti okkur að halda úti gjaldmiðlinum. „Það er þá eins gott að menn séu vissir um árangur af því að reka þessa krónu.“

Hinn valkostinn segir Árni Páll að marka mjög fljótt þá stefnu að fara inn í gjaldmiðlissamstarf. „Ef það er trúaratriði fyrir einhverja að vilja fremur vera hornkerling og ráða engu í slíku samstarfi, þá getum við svo sem eytt einhverjum vikum í að kanna hvort pólitískur vilji er innan ESB fyrir lausn í ætt við þá sem Björn Bjarnason hefur stungið upp á.“ Árni er þó vantrúður á þá leið, enda myndi í henni felast að Ísland fengi frekari réttindi og meira svigrúm en mörg ríki sem þegar væru orðnir aðilar. „Það þarf hins vegar að liggja fyrir að ef þessi leið reynist ófær verði fundnar aðrar leiðir til að bindast evrópsku gjaldmiðlasamstarfi. Það væri þá upptaka evrunnar með þeim hætti sem reglur Evrópusambandsins kveða á um,“ segir hann og vísar á bug vangaveltum um að ekki sé hægt að sækja um aðild á tímum veikleika í efnahagslífinu. „Ég held ekki að nokkur þjóð hafi sótt um aðild í uppsveiflu. Allar held ég hafi sótt um til að auka stöðugleika og bæta efnahagslega stöðu. Ef það er eitthvað sem Evrópusambandið gerir vel, þá er það að skapa grunn fyrir efnahagslegan stöðugleika.“

Ákvörðun um aðildarumsókn að Evrópusambandinu er mikilvægur þáttur í að endurheimta stöðugleika. Hún hefur þann ótvíráða kost að skapa fyrirsjáanleika og auðveldar þar með Seðlabankanum hraðari lækun stýrivaxta í kjölfarið. „Fljótlega í aðildarferlinu komumst við inn í ERM-II gengissamstarfið og fáum þar með möguleika á stuðningi frá Evrópusambandinu til að verjast gengisóstöðugleika. Þar með væri kominn aukinn stuðningur við fjármálakerfið og bankana, þannig að löngu áður en við værum búin að taka upp evruna værum við komin með þá fjármálalegu umgjörð sem þarf til að treysta við efnahagslegan stöðugleika.“

Árni Páll segir tíma til kominn að íslenskt atvinnulíf og heimili geti gert langtímaáætlanir og reiknað með eðlilegum vöxtum og sjálfbærum, höflegum hagvexti. „Þessi séríslenska aðferð að demba ítrekað kjaraskerðingu á saklaust fólk til að rétta af veikleika í efnahagstjórninni á að heyrta sögunni til. Íslenskur almenningur er nú skuldsettari en nokkru sinni fyrr og þó er ekki þennan séríslenska „sveigjanleika“ lengur.“

Fleiri stöð er þörf

„Fleiri stöðir þarf undir efnahagslegan stöðugleika hér en gengisstöðugleika,“ segir Árni Páll Árnason þingmaður. „Gætar þarf þess mjög vel að ekki frjósi á húsnæðismarkaði. Auðvitað á ekki að viðhalda innistæðulausri eignaverðsbólu, en á markaðnum þarf engu að síður að viðhalda seljanleika eigna, þannig að ekki verði á honum alkul. Að því leyti voru aðgerðirnar sem gripið var til í júní skynsamlegar,“ segir hann.

Um leið segir Árni Páll að koma þurfi mun skýrar fram möguleikum þjóðarinnar og hlutverki sem orkuútlutningslands. „Þar eignum við nokkuð verk óunnið. Almennir eru frekar andvígur virkjunum. Þar held ég að fyrst og fremst sé um að kenna fruntaskap og tillitsleysi stóru orkufyrirtækjanna í garð almennings og umhverfisins. Ég held einfaldlega að almenningur líti á orkufyrirtækin sem ríki í ríkinu sem virði hvorki samskipta- né umgengisreglur,“ segir hann og telur fyrsta skrefið í að auka tiltrú almennings á orkuöflun í sátt við umhverfið vera að Orkuveita Reykjavíkur biðjist afsökunar „á spellvirkjum sínum á Helligshéið“, sem blasi við hverjum manni. „Og útskýri hvernig hægt sé að haga jarðvarmavirkjun í framtíðinni án svona óskapnaðar.“ Þá telur Árni Páll að Landsvirkjun verði að temja sér þrúðmannlegri framkomu í samskiptum við bæði landeigendur og stjórnvöld.

„Ég held að almenningur líti svo á að ekki sé hægt að sleppa þessum villingum lausum og þess vegna sé best að banna allar virkjanir,“ segir hann og telur nauðsynlegt að koma málum í þann farveg að ekki sé verið að ívilna stóriðju á kostnað annarra atvinnugreina í landinu með því að orkufyrirtæki geti nýtt sér ríkisábyrgð á fjárföflun til þeirra verkefna. „Orkuverð á einfaldlega að vera uppi á borði og allar þessar ákvarðanir teknar á viðskiptalegum forsendum.“

Eins segir Árni Páll nauðsynlegt að styðja við bakið á fjármálakerfinu og telur vanhugsað að ætla bönkunum að „minnka um stund“ eða að þeir eigi að flytja hluta starfsemi sinnar úr landi. „Ég held þetta sé niðurskurðaraðferð ekki ósvipuð og hjá systur Öskubusku, sem skáru burt tá eða hæl til að passa í skó sem hentaði þeim ekki. Ef við skerum arðbærustu einingarnar burt, til að efnahagslífið henti betur fyrir krónuna er hætt við að gönguferð íslensks samfélags og ónýtrar krónu verði bæði sársaukafull og blóði drifin. Það er betra að sníða sér einfaldlega stakk eftir vexti.“



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

DAGUR Í LÍFI ...

Kristrúnar Tinnu Gunnarsdóttir, sérfræðings í greiningardeild Landsbankans

7.10 Vakna við vekjaraklukkuna en af gömlum vana „snooz“ ég í hálf tíma áður en ég læt mig hafa það að drífa mig fram úr.

7.40 Lít út um gluggann til að sjá hvernig veðrið er áður en ég ákveð í hverju ég ætla að vera – það er glampandi sól svo ég vel eitthvað sumarlegt.

8.20 Keyri í vinnuna – sem betur fer er stutt að fara og umferðin nokkuð þolanleg því ég hef mjög takmarkaða þolinmæði þegar kemur að því að sitja föst í umferð.

8.40 Byrja vinnudaginn á því að mæta á morgunfund greiningardeildarinnar þar sem farið er yfir stöðu markaða með öðrum deildum bankans. Ég fer yfir þróun gærdagsins á skuldabréfamarkaði og svara fyrirspurnum um efnahagsmálin.

9.10 Skoða nýjar tölur um vöruskipti sem Hagstofan birtir, sendum í kjölfarið út fyrstu viðbrögð.

11.00 Renni yfir helstu vefmiðlana.

11.45 Kíki í hádegismat með nokkrum vinkonum á Thorvaldsen, við sitjum að sjálfsögðu úti í sólinni á Austurvelli en þetta er ótvírætt einn af kostunum við að vinna niðri í bæ.

12.45 Mæti aftur inn í vinnuna – gott að komast í smá loftkælingu eftir hitann úti. Byrja á því að uppfæra myndir fyrir glærakynningu sem verður notuð síðar í vikunni – krónan er komin á nýjar slóðir svo það veitir ekki af að breyta skalanum.

13.30 Skrifa eins og eina grein í Vegvísi, sem er daglegt rit greiningardeildarinnar, um efnahagsmál líðandi stundar.

14.30 Keyri verðbólguáhrifum okkar miðað við nýjustu gögn og byrja að punkta niður atriði sem gætu haft áhrif á þróun næstu mánaða.

16.00 Athuga hvernig gjaldeyrismarkaðurinn lokar svo ég geti tekið til við að skrifa erlent markaðsýfirlit greiningardeildar og sent það á póstlistann okkar.

17.00 Vinnudeginum lýkur – á leiðinni heim kem ég við og kaupir gott á grillið.

17.20 Búin að koma mér fyrir úti á pallinum heima með góða bók (Three Cups of Tea eftir Greg Mortenson) og nýt góða veðursins aðeins lengur.

19.00 Kærastinn grillar eitthvað gott í kvöldmatinn og ég nýt góðs af.

20.00 Hendi mér upp í sófa eftir að hafa gengið frá eftir matinn og horfi á eins og einn þátt í sjónvarpinu.

21.30 Skelli mér út að hlaupa – veitir ekki af að æfa sig aðeins þar sem ég er búin að skrá mig í hálfmarabonið í ágúst.

23.45 Skrið upp í rúm eftir heita og langa sturtu – les einn kafla í bókinni áður en ég steinsofna, staðráðin í því að „snooz“ nú minna á morgun.



KRISTRÚN TINNU GUNNARSDÓTTIR fer yfir málin með samstarfsfélaga sínum, Hákonni Orra Ásgeirssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÁTTUNDA HOLAN Á URRIÐAVELLI Urriðavöllur er dýrasti golfvöllur landsins. Hringurinn kostar þar 7.400 krónur. Mel Gibson kippir sér ekki upp við að greiða um 250 þúsund fyrir að spila á dýrasta golfvelli landsins. MARKAÐURINN/ARNPÓR

Urriðavöllur dýrastur

Björn Þór Arnarson
skrifar

Urriðavöllur er dýrasti golfvöllur landsins árið 2008. Urriðavöllur er rekinn af Golfklúbbnum Oddi. Hringurinn á Urriðavelli kostar 7.400 krónur án afsláttar. Næstur í kjölfarið kemur Vífilsstaðavöllur Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar. Gjaldið þar er 7.000 krónur.

Golfklúbbur Reykjavíkur, stærsti golfklúbbur landsins með þrjá átján holu velli og alls 2.750 meðlimi, hefur alla sína velli á topp tíu-listanum. Grafarholtsvöllur og Korpan eru í þriðja til fjórða sæti en Garðavöllur á Akranesi er í sjötta til níunda sæti.

Ekki láta allir golfarar verðið á dýrasta golfvelli landsins stöðva sig. Nýverið spilaði Mel Gibson á Urriðavelli og lét sig ekki muna um að greiða fyrir sjö rástíma, 28 vallargjöld og þrjú golfbíla. Þar að auki greiddi hann fyrir leigu á fjórum golfsetum. Lauslega áætlað má telja að Gibson hafi greitt á milli 220 til 280 þúsund fyrir hringinn. Gibson vildi víst fá frið til að leika hringinn og bókaði því þrjú rástíma á undan og þrjú á eftir til að hafa næði til að spila.

Ef til vill kippa stórstjórnur sér ekki upp við sjö þúsund króna vallargjald þegar vallargjaldið á dýrasta golfvelli í heimi er 500 dalir fyrir hringinn, andvirði 40.000 króna. Nú státa þrír vellir í Las Vegas í Bandaríkjunum þeirri nafnbót. Á Shadow Creek, sem lengstum hefur verið dýrasti golfvöllur í heimi, færðu ýmislegt þegar greitt er fyrir vallargjaldið. Innifalið í vallargjaldinu er ekki einung-



GRAFARHOLTSVÖLLUR Grafarholtsvöllur er þriðji dýrasti völlur á Íslandi. MARKAÐURINN/ARNPÓR

DÝRUSTU GOLFEVILLIR LANDSINS

Golfklúbbur - Völlur	Vallargjald
1. Golfklúbburinn Oddur - Urriðavöllur	7.400 krónur
2. Golfklúbbur Kópav. /Garðab. - Vífilsstaðavöllur	7.000 krónur
3.-4. Golfklúbbur Reykjavíkur - Grafarholt	6.800 krónur
3.-4. Golfklúbbur Reykjavíkur - Korpa	6.800 krónur
5. Golfklúbbur Vestm.eyja - Vestmannaeyjavöllur	5.000 krónur
6.-9. Golfklúbbur Reykjavíkur - Garðavöllur	4.500 krónur
6.-9. Golfklúbburinn Keilir - Hvaleyrarvöllur	4.500 krónur
6.-9. Golfklúbbur Suðurnesja - Leiran	4.500 krónur
6.-9. Golfklúbbur Akureyrar - Jaðarsvöllur	4.500 krónur
10. Golfklúbburinn Kjölur - Hlíðavöllur	4.200 krónur

Heimild: golf.is. Miðað er við hæsta vallargjald án afsláttar eða annarra friðinda. Miðað er við að leiknar séu 18 holur.

DÝRSUSTU GOLFEVILLIR HEIMS

1.-3. Shadow Creek, Las Vegas	\$500, um 40.000 krónur
1.-3. Cascata, Las Vegas	\$500, um 40.000 krónur
1.-3. Wynn Golf Club, Las Vegas	\$500, um 40.000 krónur
4. Pebble Beach Golf Links	\$475, um 38.000 krónur
5. Old Head Golf Links, Kinsale, Írlandi	\$400, um 32.000 krónur

Heimild: Forbes, Golfvacation insider

is leyfi til að spila á vellinum því kylfingar eru sóttir á limósinu á hótelið og þegar komið er á völinn tekur einkakylfusveinn á móti kylfingnum og fylgir leikmanninum eftir á hringnum. Að loknum leik er leikmanninum loks ekið til baka til að fullkomna daginn.

Félögum í golfklúbbum innan Gólf sambands Íslands (GSÍ) hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Allt frá stofnun GSÍ árið 1942 hefur klúbbum og völlum fjölgað stöðugt. Í upphafi tilheyrðu einungis þrjú vellir GSÍ, Golfklúbbur Akureyrar, Golfklúbbur Vestmannaeyja og Golfklúbbur Reykjavíkur.

Hinn 1. október síðastliðinn voru 14.037 einstaklingar meðlimir innan golfklúbba sem eru aðilar að GSÍ. Alls er 61 klúbbur innan sambandsins og sem ráða samtals yfir 670 holur.

GA og GV er fyrsta sersamband innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands en í dag hefur 61 klúbbur aðild að sambandinu og hafa þeir aldrei verið fleiri.

FRÍSTUNDIN

Tilbreyting frá amstri dagsins

Erling Ásgeirsson, framkvæmdastjóri notendalausna Nýherja og formaður bæjarráðs Garðabæjar, segir skógrækt hafa blundað í sér frá unga aldri.

„Þegar ég var barn og unglungur í sveit í Arnarfirði þá var ég á miklu menningarheimili í Botni í Geirþjófsfirði og þar var stunduð skógrækt. Þetta hefur því blundað í mér síðan,“ segir Erling Ásgeirsson, framkvæmdastjóri notendalausna Nýherja og formaður bæjarráðs Garðabæjar.

Þegar þau hjónin keyptu sér síðan sumarhúsið austur í Grímsnesi fyrir nokkrum árum hófu þau þar skógrækt. Fyrst fóru þau reyndar á námskeið hjá Birni Jónssyni skógræktarfrömuði en eftir það hafa þau sett niður nokkur þúsund plöntur.

„Við erum búin að gera öll þau mistök sem hægt er að gera,“ segir Erling og hlær. Hins vegar er árangurinn farinn að skila sér og segir hann að nú eigi þau þó nokkuð mörg falleg tré.

Erling segist fá mikið út úr skógræktinni og finnst hún góð tilbreyting frá hinum hefðbundna vinnudegi. Hann segir að þau hjónin eyði stórum hluta af sínum frítíma í sumarbústaðnum og þá sérstaklega yfir sumartímann. Erling segist eiga ýmis önnur áhugamál. Þau áttu seglskútu sem þau sigldu þó nokkuð en seldu hana síðan þegar þau keyptu sumarhúsið. Hann hefur tekið þátt í bæjarmálum Garðabæjar í mörg ár og því eru stjórnmálin honum hugleikin.

Einnig hefur hann gegnt trúnaðarstörfum og tekið þátt í störfum Íþróttafélagsins Stjórnunnar. Þá einkum á árum áður þegar börnin hans voru að keppa fyrir hönd félagsins. „Ég hef átt fulltrúa í öllum meistaraflokkum bæði í handbolta og fótbolta,“ segir hann stoltur.

Erling er líka mikill áhugamaður um ensku



ERLING ÁSGEIRSSON Segist fá mikið út úr skógræktinni og finnst hún góð tilbreyting frá hinum hefðbundna vinnudegi. MARKAÐURINN/ÁBSEND MYND

knattspyrnuna. „Þar er mitt lið Tottenham Hotspurs,“ segir hann hlæjandi og segir marga stríða sér á því en það herði hann bara.



TAKTU ÞÁTT!
Glæsilegir vinningar í boði.

Sumar myndir vinna!

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins.

Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.



1. verðlaun

Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha DSLR-A200K 10,2 megapíxlar með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.



2. verðlaun

Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-T2 8,1 megapíxlar með snertiskjá og 4GB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.



3. verðlaun

Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-W200 12,1 megapíxlar með andlitsskynjun að verðmæti 40.000 kr.

Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á visir.is/ljosmyndakeppni, skráir inn upplýsingar um hvornig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín kominn í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.

Sony Center SUMAR  FERÐIR

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

BANKHÓLFÍÐ

Áttu ekki von á neinu hrúni

Fjármálakreppa á Íslandi er ekki lengur áhyggjuefni eftir að þrír stærstu viðskiptabankarnir birtu uppgjör annars ársfjórðungs sagði Financial Times um helgina. Farið er yfir uppgjör bankanna þriggja og hvernig hraður vöxtur þeirra var uppspretta áhyggna af fjármögnun þeirra. Þá hafi skuldatryggingarálag upp á allt að 1.000 punktum gefið til kynna að hrún væri fram undan.

Hér þótti það hins vegar ekki stórfreitt þótt uppgjörin boðuðu ekki fall bankakerfisins, enda voru þau í takt við væntingar. „Það er gott að einhver er að skrifa jákvætt um ástandið til tilbreytingar.“ sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, í viðtali við Fréttablaðið. „Það er þyngra undir fæti heldur en verið hefur, en við áttum ekki von á neinu hrúni.“

Ikea á símamarkaði

Af því berast fregnir að sænski húsgagnaframleiðandinn Ikea taki sér til fyrirmyndar fyrir tæki á borð við Asda og Tesco og ætli að setja á markað símaþjónustu. Þjónustan verður kölluð Fjölskyldusíminn, en frá og með vikulokum stendur hún völdum hópi viðskiptavina fyrirtækisins til boða. Ekki eru þó fregnir af keppni Ikea á símamarkaði hér heima. Félagið er sagt í samstarfi við T-Mobile og fastakúnnum boðin þjónusta ekki ósvipuð frelsistilboðum Símans og Vodafone.



Matjurtagarð við Hvíta húsið

Hafin er herferð fyrir því að sannfæra næsta forseta Bandaríkjanna um að planta matjurtagarði við Hvíta húsið. Gömul hefð er fyrir því að íbúar Hvíta hússins séu með matjurtagarða eða aðra matvælaræktun, en Eleanor Roosevelt gerði svokallaðan „sigurgarð“ í seinni heimsstyrjöldinni. Slíkir matjurtagarðar sáu Bandaríkjamönnum fyrir stórum hluta grænmetis síns í seinni heimsstyrjöldinni.

Nú vilja samtökin Kitchen Gardens International endurvefja þessa hefð fyrir litlum borgargörðum, og hafa skorað á forseta Bandaríkjanna að sýna gott for-dæmi í þessum efnunum og stinga upp, þó ekki sé nema lítinn, matjurtagarð.



5,7%

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum mælist nú 5,7% og hefur ekki mælst meira í 4 ár.

4,1%

Tölf mánaða verðbólga á evrusvæðinu mælist nú 4,1% og hefur ekki verið hærrí í 16 ár. Verðbólguálagmið Seðlabanka Evrópu miðast við 2% verðbólgu.

19,4%

aukning var milli júní og júlí á þinglýstum kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu. Meðalupphæð samnings var 26,7 milljónir.

BMW 3 línan

www.bmw.is

Sheer Driving Pleasure

BMW 3 línan.
Þýsk gæði.
Einfalt val.

BMW 3 línan.

BMW 3 lína Exclusive - Eignum bíla á lager
Málmlakk, 17" álfelgur, sjálfstjórning, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sportstýri, aðgerðastýri, fjarlægðarvari að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós og Professional útlarp.

BMW 3 lína Sport - Eigu bíla á lager
Málmlakk, 17" M-álfelgur, sjálfstjórning, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, állistar í innréttingu, sportsæti, M-vindkljúfasett, M-sportfjöðrun, Satin Chrome gluggalistar, Alcantara innrétting og svört loftklæðning.

Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is

Hvers vegna PwC? *connectedthinking

Þekkingarfyrtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

- Endurskoðun
- Fyrirtækjaráðgjöf
- Skatta- og lögfræðiráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is

